

BS ritgerð
Viðskiptafræði

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Ísland

Almarr Erlingsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Leiðbeinandi: Haukur Camillus Benediktsson

Júní 2010

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Sjóðurinn hefur verið mikið í sviðsljósinu héraðs undanfarin misseri og flestir landsmenn virðast hafa skoðun á starfsemi stofnunarinnar. Ritgerðin mun kynna sjóðinn og starfsemi hans.

Í fyrstu er farið er yfir sögu sjóðsins og aðstæðurnar sem leiddu til stofnunar hans. Í framhaldinu er fjallað um stjórnun sjóðsins og áhrifasvið hans. Starfsemi sjóðsins er gerð ítarleg skil og fjallað eru um mismunandi hlutverk sjóðsins þ.e. eftirlit, lánveitingar og tæknilega aðstoð.

Sérstakur kafli er um fjármögnun sjóðsins og einnig er kafli um samstarf sjóðsins við aðrar stofnanir. Sjóðurinn hefur sætt mikill gagnrýni undanfarin ár og fjallað er sérstaklega um ástæður þess og afleiðingar.

Starfssemi Alþjóðagjaldeyrissjóðarins á Íslandi hefur einnig verið umdeild. Fjallað verður um ástæður þess að Ísland sótti um lán frá sjóðnum, endurskoðanirnar tvær sem samþykktar hafa verið og ástæðurnar sem lágu að baki þeim töfum sem urðu á samþykktum.

Að lokum er rædd þörf Íslands á lánum og hvaða aðra möguleika Íslendingar hafa í stöðunni sem upp er komin.

Formáli

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga. Leiðbeinandi var Haukur C. Benediktsson og honum er þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
1. Saga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	6
2. Stjórnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	9
3. Aðildarríki.....	10
4. Starfsemi sjóðsins	11
4.1. Eftirlitshlutverk.....	11
4.2. Tæknileg aðstoð.....	12
4.3. Lánastarfsemi.....	12
4.4. Skilyrði fyrir lánum	14
4.5. Fjármagn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	15
5. SDR.....	16
6. Kvóti	17
7. Kjördæmi	18
8. Samvinna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra.....	19
9. Gagnrýni á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	20
10. AGS og Ísland.....	25
10.1. Tímaröð samvinnu AGS og Ísland	25
10.2. Forsaga.....	25
10.3. Bankahrún.....	26
10.4. Umsókn um lán.....	27
10.5. Endurskoðanir.....	29
10.6. Skilyrði AGS vegna láns til Íslands.....	31
11. Þörf Íslands á láni	33
11.1. Skuldir Íslands	34
11.2. Lántökupörf	36
12. Aðrar lausnir	36
Lokaorð.....	38
Heimildaskrá.....	40

Inngangur

Haustið 2008 tók íslenska ríkið yfir rekstur þriggja stærstu banka landsins. Atburðarrásin sem fylgdi í kjölfarið hefur verið ótrúleg og enn í dag, um einu og hálfu ári síðar, birtast vikulega mikilvægar og áhugaverðar fréttir af gangi mála. Frétttaflutningur af efnahagshruninu haustið 2008 og afleiðingum þess hefur tröllriðið fréttatímum og umræðuþáttum í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum. Aðeins eldgos virðast vekja meiri áhuga fréttamanna og almennings. Magn upplýsinganna sem almenningur hefur gleypst í sig, til að vera með á nótunum er gríðarlegt. Orð eins og Icesave, gjaldeyrishöft, innherjaviðskipti og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa væntanlega, í fyrstu, komið mörgum spánskt fyrir sjónir.

Fyrir hrunið árið 2008 hafði afar lítið verið fjallað um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í íslenskum fjölmiðlum, þó að einstaka fréttir hafi borist af lánveitingum sjóðsins og mótmælum gegn starfsemi sjóðsins erlendis. Þessi ritgerð fjallar um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn almennt og einnig um störf hans hér á landi síðan haustið 2008. Leitast verður eftir að kynna sjóðinn í stuttu máli, sögu hans og starfsemi.

Í fyrstu er sögu sjóðsins gerð skil og fjallað um aðstæðurnar sem leiddu til stofnunar hans. Farið er yfir áherslubreytingar sem orðið hafa á starfsemi sjóðsins í gegnum tíðina, breytt hlutverk hans og helstu áhrifaþætti breytinga. Fjallað er um hvaða þjóðir eru aðilar að sjóðnum og hvernig honum er stýrt. Starfssemi sjóðsins er gerð ítarleg skil og fjallað um hvernig hann sinnir mismunandi hlutverkum sínum.

Sérstakur kafli kynnir mælieininguna sem sjóðurinn notar yfir reikningsskil sín og einnig er því lýst hvernig völd innan sjóðsins skiptast á milli aðildarríkja. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vinnur náíð með Alþjóðabankanum og er samstarfi stofnananna gerð greinargóð skil. Undanfarin ár hefur sjóðurinn mætt töluverðu mótlæti vegna starfsemi sinnar víðsvegar um heiminn, rætt verður um ástæður mótmællanna og áhrif þeirra á starfsemi sjóðsins og aðferðafræði.

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 sótti ríkisstjórn Íslands um viðbúnaðarlán frá sjóðnum. Ítarlega er fjallað um ástæður fyrir lántöku, efnahagsáætlun Íslands og endurskoðanir sjóðsins á áætluninni. Skuldastaða íslenska ríkisins er því næst rædd ásamt þörf Íslands á lánnum. Að lokum er fjallað um hvaða valkosti Íslendingar hafa, aðra en Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

1. Saga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í júlí 1944 hittust fulltrúar 45 þjóða í bænum Bretton Woods, í New Hampshire í Bandaríkjunum. Markmið fundarins var að skipuleggja alþjóðlega efnahagslega samvinnu, sem var í lamasessi eftir kreppu og stríð árána á undan. Kreppan mikla í Bandaríkjunum á þriðja og fjórða áratug nítjándu aldar hafði haft gríðarleg áhrif á efnahagslíf þjóða um heim allan. Alþjóðleg viðskipti drógust ört saman þar sem þjóðir reyndu að berja á kreppunni með innflutningstollum og gengisfellingum gjaldmiðla sinna, til að verða samkeppnishæfari á erlendum mörkuðum (IMF, e.d.-a).

Hugmyndir um stofnun sjóðs sem skapað gæti skilyrði fyrir hagvexti og hagsæld komu fram um svipað leyti beggja vegna Atlantshafsins. Í Bretlandi komu hugmyndirnar frá hagfræðingnum John Maynard Keynes lávarði en í Bandaríkjunum frá Harry Dexter White aðstoðarfjármálaráðherra (Ólafur Ísleifsson, 2001a).

Fulltrúar þjóðanna á fundinum voru sammála um að stofna þyrfti alþjóðlega stofnun sem hafa myndi yfirsýn yfir alþjóðapeningakerfið þ.e. kerfi gengis gjaldmiðla og þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem gerir þjóðum kleift að eiga viðskipti hvora við aðra. Hin nýja stofnun átti að tryggja gengisstöðugleika ásamt því að hvetja og gera aðildarþjóðum sínum kleift að minnka hömlur á inn- og útflutningi (IMF, e.d.-a).

Tilgangur sjóðsins samkvæmt stofnskrá hans er að greiða fyrir viðskiptum, stuðla að háu atvinnustigi og hagvexti (Ólafur Ísleifsson, 2001a).

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn¹, skammstafað AGS, var formlega stofnaður í desember 1945 við undirskrift 29 stofnþjóða og var Ísland ein þeirra. Í mars 1946 voru starfsreglur sjóðsins samþykktar og kosin var framkvæmdastjórn sem skipuð var 12 stjórnarmönnum. AGS hóf störf þann 1. mars 1947 og voru höfuðstöðvar í Washington í Bandaríkjunum, þar sem þær eru enn. Næstu árin fjölgaði aðildarþjóðum töluvert og sérstök aukning varð á sjöunda áratugnum með innkomu fjölmargra Afríkuríkja sem nýlega höfðu hlotið sjálfstæði (IMF, e.d.-a).

Stofnþjóðirnar samþykktu að halda gengi gjaldmiðla sinna föstu gagnvart Bandaríkjadal og Bandaríkjamenn að halda gengi dollars föstu gagnvart verði á gulli. Gengi gjaldmiðlanna mátti eingöngu breyta við meiriháttar ójafnvægi í greiðslujöfnuði og þá með samþykki AGS. Þetta kerfi kallaðist Bretton Woods kerfið

¹ e. International Monetary Fund, IMF

og var við lýði allt til 1971 þegar Bandaríkjamenn hættu gengistengingu við verð á gulli (IMF, e.d.-a). Ástæða þess var að allt frá byrjun sjöunda áratugarins hafði bandarískur dollar verið talinn ofmetinn gagnvart gullverði og bar uppi gjaldeyrisforða margra landa, á sama tíma og Bandaríkjamenn glímdu við halla á rekstri ríkissjóðs, aukna verðbólgu og viðskiptahalla. Gengisfelling dollars gangvart gulli árið 1968 dugði ekki til, því fastgengisstefnan bauð ekki upp á nægan sveigjanleika til að mæta efnahagslegu ójafnvægi. Í ágúst 1971 tilkynntu Bandaríkjamenn um tímabundna aftengingu dollars við gull. Þessi aðgerð markaði upphafið að falli Bretton Woods kerfisins. Í desember sama ár samþykktu tíu stærstu iðnríki heims samkomulag um nýtt gengi milli gjaldmiðla sem nefndist Smithson samkomulagið. Þessi samþykkt hélt ekki lengi og allar aðgerðir við að festa gengi dollars aftur við verð á gulli fóru úrskeiðis. Síðan mars 1973 hefur gengi gjaldmiðla gagnvart hvorum öðrum verið fljótandi (IMF, e.d.-b).

Síðan Bretton Woods kerfið leið undir lok hafa aðildarþjóðir ráðið hvernig þær haga gengismálum gjaldmiðla sinna. Þær geta leyft gjaldmiðlinum að vera fljótandi, tengt hann við annan gjaldmiðil eða samansafn annarra gjaldmiðla, fengið gjaldmiðil frá öðru landi eða tekið þátt í myntbandalagi. Eina tengingin sem ekki er leyfileg er tenging gjaldmiðils við verð á gulli. Fljótandi gengi kom sér vel þegar olíuverð hækkaði skyndilega í október 1973. Fljótandi gengi gerði þjóðum auðveldara fyrir að aðlagast hækkingu olíuverðis og minnkuðu áfallið. AGS brást við olúkreppunni með breytingum á útlánaaðferðum sínum og setti upp sérstakan olúsjóð (IMF, e.d.-b).

Um miðjan áttunda áratuginn hóf AGS að hjálpa mörgum fátækustu þjóðum heims að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Árið 1986 stofnaði AGS nýtt lánaþyrirkomulag sem kallað var SAF-lánaflökkurinn². Það kerfi þróaðist síðan yfir í ESAF-lánaflökkinn³ árið 1987 (IMF, e.d.-b). Olúkreppan á áttunda áratugnum bitnaði verst á þróunarlöndunum. Lönd sem fluttu inn olíu neyddust til að taka lán frá bönkum og á sama tíma hækkuðu vextir á vesturlöndum til að reyna að stemma stigu við aukinni verðbólgu, sem leiddi til alþjóðlegrar kreppu. Á áttunda áratugnum fengu bankar á vesturlöndum gríðarlegt fjármagn frá þjóðum sem fluttu út olíu og lánuðu peninga á móti til þjóða sem fluttu inn olíu, á breytilegum eða fljótandi vöxtum. Þegar

² e. Structural Adjustment Facility

³ e. Enhanced Structural Adjustment Facility

vextir ruku upp úr öllu valdi árið 1979 hækkuðu fljótandi vextir þróunarlandanna hratt. Þessi vaxtahækkun er talin hafa kostað þróunarlöndin um 22 milljarða dollara á árunum 1978-1981. Á sama tíma lækkaði verð útflutningsvara frá þróunarlöndunum vegna samdráttar í efnahagslífínu og gengis. Þessar aðstæður orsökuðu frekari lánsþörf hjá þróunarlöndum, sem nýttu lánin t.d. til að lækka gengi gjaldmiðla sinna (IMF, e.d.-c).

Þessi þróun skapaði ný vandamál sem AGS þurfti að takast á við. Árið 1982 lokaði Mexíkó gjaldeyrismarkaði sínum og tilkynnti að landið gæti ekki lengur staðir við erlendar skuldbindingar sínar. AGS kom til móts við Mexíkó og hjálpaði til við endurfjármögnun lána og efnahagslega uppbyggingu landsins. Síðan þá hefur starfsemi sjóðsins í auknu mæli verið aðstoð við þróunarlönd (IMF, e.d.-c).

Sjóðurinn aðstoðaði í framhaldinu fjölmörg ríki Suður-Ameríku og önnur þróunarlönd sem lent höfðu í greiðsluvanda. Markmið sjóðsins var að örva hagvöxt og auka útflutningstekjur svo unnt væri að greiða af erlendum lánnum. Þátttaka sjóðsins við efnahagslega uppbyggingu hafði oft þau áhrif að önnur ríki og alþjóðlegar fjármálastofnanir buðu einnig fram aðstoð (Ólafur Ísleifsson, 2001a).

Við fall Sovétríkjanna 1991 jókst fjöldi aðildarríkja úr 152 löndum í 172. AGS aðstoðaði flest fyrrum ríki Sovétríkjanna að snúa frá miðstýrðum efnahag yfir í markaðshagkerfi. Hin nýju ríki unnu náði með sjóðnum meiripart títunda áratugarins og fengu ráðgjöf í efnahagsmálum ásamt fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð. Um aldarmótin höfðu flestar þessara þjóða komið upp markaðshagkerfi eftir miklar breytingar (IMF, e.d.-d).

Árið 1997 skall á efnahagskreppa í Austur-Asíu. Nánast öll löndin sem í vanda lentu leituðu aðstoðar AGS, bæði við endurbætur á efnahagsstefnu og vegna lánveitinga. Miklar deilur voru um hvernig best væri að meðhöndla þessa kreppu og var AGS harðlega gagnrýnt fyrir aðgerðir sínar. Gagnrýni þessi var meiri en nokkru sinni fyrr í sögu sjóðsins. Á heimasíðu sinni segir að sjóðurinn hafa lært af þessum mistökum og muni í framtíðinni vinna öðruvísi úr málum (IMF, e.d.-d).

Á títunda áratugnum vann AGS náði með Alþjóðabankanum að því markmiði að létta skuldabyrði fátækra landa. Árið 1996 var komið á fót áttak sem kallast HIPC-

átakið⁴ og árið 2005 MDRI-átakið⁵. Þessir sjóðir hafa það markmið að engin fátæk þjóð skuli bera meiri skuldabyrði en hún getur staðið undir (IMF, e.d.-d).

Á fyrstu árum þessarar aldar jókst hagvöxtur á alþjóðavísu og greiddu margar þjóðir upp skuldir sínar við AGS ásamt því að koma sér upp sterkari gjaldeyrisvarasjóði. Efnahagskreppan sem hófst 2007 í Bandaríkjunum, teygði anga sína um allan heim og henni fylgdi mikið ójafnvægi í alþjóðlegu fjármagnsstreymi. Á árunum 1980-1995 var alþjóðlegt fjármagnsstreymi á bilinu 2%-6% af vergri heimsframleiðslu en hafði á seinustu árum hækkað upp í 15%. Árið 2006 var fjármagnsstreymið um 7.200.000 milljónir dollara, sem var þreföldun frá árinu 1995. Hraðasta aukningin hefur verið á vesturlöndunum en ung hagkerfi og þróunarlöndin hafa einnig orðið fjárhagslega tengdari umheiminum (IMF, e.d.-e).

Efnahagskreppan sem hófst árið 2008 sýndi hversu brothættir fjármáلامarkaðir voru og fljótlega var skollin á versta kreppa síðan í Kreppunni miklu. Skyndilega stóð AGS frammi fyrir fjölda lánsútsóknna frá löndum sem farið höfðu illa út úr kreppunni. Með stuðningi vel stæðra aðildarríkja tókst sjóðnum að þrefalda útlánagetu sína, í 750 milljarða dollara. Til að tryggja skilvirkni útlána sinna, í þetta skiptið, endurskoðaði sjóðurinn útlánastefnu sína t.d. með að bjóða ríkjum með sterkan efnahagslegan grunn upp á sveigjanlegri lánasamninga en áður þekktust (IMF, e.d.-e).

2. Stjórnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Æðsta ákvörðunarvald innan AGS er hjá sjóðráði⁶. Ráðið er skipað af einum fulltrúa og einum varafulltrúa frá hverju aðildarríki. Fulltrúinn er venjulega annað hvort fjármálaráðherra eða seðlabankastjóri í heimalandi sínu (IMF, e.d.-i).

Fulltrúi Íslands í sjóðráði er Már Guðmundsson seðlabankastjóri og varafulltrúi er Björn Rúnar Guðmundsson skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. (IMF, 2010d). Þrátt fyrir að vera æðsta ákvörðunarvald innan sjóðsins sinnir sjóðráðið ekki daglegum ákvörðunum innan sjóðsins heldur eru þær í

⁴ e. Heavily Indebted Poor Countries Initiative

⁵ e. Multilateral Debt Relief Initiative

⁶ e. Board of Governors

höndum framkvæmdastjórnar⁷ AGS. Sjóðráðið tekur þó enn ákvarðanir um aðild og brotthvarf þjóða, breytingar á kvóta og SDR, ásamt því að kjósa framkvæmdastjóra AGS (IMF, e.d.-i).

Sjóðráð AGS fær ráðleggingar frá tveimur nefndum, fjárhagsnefnd⁸ og þróunarnefnd (IMF, 2010f). Í fjárhagsnefndinni sitja 24 fulltrúar, einn úr hverju kjördæmi sem hafa það að markmiði að vera ráðgefandi fyrir sjóðráð ásamt því að móta áherslur í starfi framkvæmdastjórnar sjóðsins. Þróunarnefndin er samstarfsverkefni AGS og Alþjóðabankans og hefur það hlutverk að upplýsa stofnanirnar um efnahagslega þróun í þróunarlöndunum (IMF, e.d.-i).

Framkvæmdastjórn AGS sér eins og áður segir um daglegan rekstur sjóðsins. Í ráðinu hefur hvert kjördæmi einn fulltrúa. Framkvæmdastjórn tekur flestar ákvarðanir í málefnum AGS. Framkvæmdastjórnin hefur aðsetur í Washington og fundar 2-3 sinnum í viku. Þar er t.a.m. rædd framvinda og staða efnahagsmála í aðildarríkjum og í heiminum öllum, lánveitingar til einstakra ríkja, hvernig fyrirbyggja eigi fjármálakreppu, stuðning við þróunarlönd ásamt stefnu sjóðsins og hlutverki hans. Venjulega eru ákvarðanir teknar einhljóða en þó hafa átt sér stað kosningar innan stjórnarinnar (IMF, e.d.-i).

Aðalframkvæmdastjóri AGS heitir Dominique Strauss-Kahn, hann er franskur og er 61 árs gamall. Hann er æðsti yfirmaður yfir starfsliði sjóðsins og er stjórnarformaður framkvæmdastjórnar AGS. Stjórnunarteymi AGS samanstendur af Strauss-Kahn og næstráðendum hans, þeim John Lipsky, Takatoshi Kato og Murilo Portugal. Teymið hefur yfirumsjón með störfum starfsmanna og heldur sambandi við aðildarríki, aðrar stofnanir og fréttastofur (Seðlabanki Íslands, e.d.-b; IMF, e.d.-j).

3. Aðildarríki

Í dag eru nánast allar sjálfstæðar þjóðir aðilar að AGS. Aðildarríkin eru 186 talsins en meðal þeirra fáu þjóða sem ekki eru aðildarríki má nefna Kúbu og Norður-Kóreu (IMF, e.d.-f). Til að fá inngöngu verður ríki að sækja um inngöngu og vera samþykkt af meirihluta aðildarríkja (IMF, e.d.-g).

⁷ e. Executive Board

⁸ e. International Monetary and Financial Committee

4. Starfsemi sjóðsins

Starfsemi sjóðsins skiptist í meginatriðum í eftirlit og lánveitingar. Eftirlitshlutverkið felur í sér ráðgjöf í efnahagsmálum til aðildarþjóða og seðlabanka þeirra, sem byggir á greiningum á efnahag ríkjanna. Ráðgjöf þessi er helst á sviði ríkisfjármála, gengismála og peningamála ásamt ýmissa skipulagsþátta í hagkerfinu. AGS hefur einnig eftirlit með alþjóðlegum og staðbundnum hagkerfum eða mörkuðum og framkvæmir rannsóknir, spár og greiningar (IMF, e.d.-h; Ólafur Ísleifsson, 2001b).

Lánveitingarnar skiptast síðan í tvennt, annarsvegar lánveitingar til ríkja í tímabundnum efnahagsvanda og hinsvegar aðstoð við baráttu gegn fátækt í þróunarlöndum. Til að tryggja að lánveitingar beri árangur setur sjóðurinn oftar en ekki ströng skilyrði um breytingar í efnahagsmálum lántakanda. AGS veitir einnig tæknilega aðstoð og þjálfun til að aðstoða ríki við stjórnun efnahagsmála (IMF, e.d.-h; Ólafur Ísleifsson, 2001b).

4.1. Eftirlitshlutverk

Eitt af meginverkefnum AGS er eftirlit með efnahagslífi aðildarríkjanna og skiptist það í tvennt. Annars vegar heimsækja sérfræðingar sjóðsins aðildarríkin reglulega og úttekt er gerð á stöðu og horfum í efnahagslífi þeirra. Hinsvegar gerir sjóðurinn heildstæða úttekt á stöðu og horfum á heimsbúinu og í alþjóðafjármálakerfinu (Seðlabanki Íslands, e.d.-a).

Eftirlit með efnahagsmálum í aðildarríkjunum felst í aðalatriðum í því að sjóðurinn metur hvort efnahagsþróun og efnahagsstefna ríkjanna leiði til sjálfbærs hagvaxtar og stöðugleika. Meðal annars er fylgst með gengismálum, ríkisfjármálum, peningamálum, greiðslujöfnuði og fjármálastöðugleika. Í lok hverrar heimsóknar afhendir sendinefnd sjóðsins álit⁹ sem felur í sér úttekt á stöðu landsins ásamt efnahagsáætlun og sendir einnig skýrslu til framkvæmdastjórnar sjóðsins. Aðildarríkin ráða því svo sjálf hvort þau fari eftir ráðleggingum sjóðsins (Seðlabanki Íslands, e.d.-a).

Eftirlitshlutverk AGS hefur þróast töluvert frá stofnun hans. Fyrstu árin var aðallega fylgst með peningamálum, ríkisfjármálum og viðskiptajöfnuði. Eftir að

⁹ e. Concluding statement

markaðir urðu opnari og fjármagnsflutningar frjálssari hefur eftirlitið í auknu mæli beinst að öðrum þáttum s.s. fjármálastöðugleika og leit að leiðum til að afstýra fjármálakreppu. Líkt og komið hefur í ljós geta efnahags- og fjármálakreppur í einu landi auðveldlega haft áhrif á önnur lönd og efnahagssvæði og jafnvel borist til þeirra. Því er nauðsynlegt að hafa stofnun sem fylgist með efnahagsmálum flestra sjálfstæðra ríkja. Undanfarin ár hefur sjóðurinn lagt aukna áherslu á gagnsæi, ekki síst eftir gagnrýni sem hann hlaut eftir Austur-Asíu kreppuna. Á heimasíðu sjóðsins má nú í flestum tilfellum finna mat hans á efnahagsmálum aðildarríkja (Seðlabanki Íslands, e.d.-a).

4.2. Tæknileg aðstoð

Sjóðurinn veitir aðildarríkjum sínum tæknilega aðstoð á sérsviðum sínum s.s. í málefnum seðlabanka, peninga- og gengismálum, skattstefnu og þjóðhagfræði. Þessi aðstoð er yfirleitt veitt endurgjaldslaust til þeirra ríkja sem hennar njóta. Markmiðið er að aðstoða við hönnun og framkvæmd efnahagsstefna með aukinni tæknikunnáttu í stofnunum s.s. fjármálaráðuneytum, seðlabönkum og hagstofum. Um 75% ríkja sem aðstoð þiggja eru fátæk aðildarríki og er stærstur hluti þeirra Afríkulönd. Aðstoðin fer fram á ýmsan hátt t.d. er sérfræðingar sendir til aðildarríkja þar sem þeir veita aðstoð og kenna innfæddum en einnig er boðið upp á námskeið og málstofur (Seðlabanki Íslands, e.d.-a; IMF, e.d.-l).

4.3. Lánastarfsemi

Ríki í alvarlegum fjárhagsvanda sem ekki getur greitt af skuldbindingum sínum, getur haft skaðleg áhrif á alþjóðahagkerfið. Yfirlýst hlutverk AGS er að stuðla að stöðugleika alþjóðahagkerfisins. Því geta öll aðildarríki, fátæk eða rík, leitað til sjóðsins, ef þau eiga í greiðsluferfiðleikum og fengið lán. Markmið með lánnum sjóðsins eru að stuðla að greiðslujöfnuði, koma jafnvægi á hagkerfið og leggja grunn að efnahagslegri uppbygginu (IMF, e.d.-k).

Þessi lán eru yfirleitt á hagstæðari kjörum en lán sem bjóðast á almennum markaði en jafnframt fylgja þeim ýmis skilyrði s.s. hvernig skuli unnið að efnahagsumbótum í lántökuríkinu. Auk þess að veita hefðbundin lán og neyðarlán vinnur sjóðurinn með skuldsettum þróunarríkjum að því markmiði að létta skuldabyrði þeirra (Seðlabanki Íslands, e.d.-a).

Um 80% aðildarþjóða hafa fengið lán frá sjóðnum einu sinni eða oft en heildarlánsfjárhæðir hafa verið mjög breytilegar frá stofnun sjóðsins. Fyrstu tvo áratuginna frá stofnun sjóðsins fór meira en helmingur lána til iðnríkja en síðan á áttunda áratug síðustu aldar hafa iðnríkin að mestu fjármagnað sig á fjármálamörkuðum. Í stað iðnríkjanna hófu þróunarlönd að taka lán hjá sjóðnum. Á áttunda áratugnum jukust útlán sjóðsins mikið vegna olúkreppunnar og einnig í skuldakreppunni á níunda áratugnum. Efnahagsumbreytingar í Mið- og Austur-Evrópu leiddu til frekari eftirspurnar eftir lánnum. Fyrir kreppuna sem skall á árið 2008 höfðu iðnríki vesturheims ekki sótt um lán frá sjóðnum í langan tíma (IMF, e.d.-k).

Tilgangur lánveitinga AGS hefur breyst mikið síðan sjóðurinn var stofnaður. Í tímans rás hefur fjárhagsaðstoð sjóðsins þróast frá því að hjálpa ríkjum að komast yfir skammtíma sveiflur í efnahagslífinu, yfir í að aðstoða við úrvinnslu mikils greiðslujafnaðar t.d. vegna útflutningsbrests, náttúruhamfara, stríðs, umbreytingu efnahags, fátæktar, erlendra skulda eða banka og gjaldeyrismála (IMF, e.d.-k).

Megintilgangur útlána sjóðsins í dag skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi að aðstoða ríki í greiðsluvandræðum svo ekki komi til greiðsluverkfalls eða gjaldþrots. Slíkir atburðir myndi hafa gríðarleg áhrif í ríkinu og hugsanlega einnig á önnur ríki, í gegnum efnahagsleg og fjárhagsleg áhrif, svokallaða smitun. Í öðru lagi geta efnahagsáætlanir samþykktar af lántökuríki og sjóðnum endurvakið traust annara ríkja og verið grundvöllur fyrir lánveitingum frá vinþjóðum. Í þriðja lagi leggur sjóðurinn sig fram við að fyrirbyggja efnahagskreppur. Þar sem kostnaðurinn við efnahagskreppu er aðildarríkjum dýrkeyptur ásamt áhrifum smitunar vill sjóðurinn heldur lána til að koma í veg fyrir kreppu, en að lána þegar kreppa er hafin. Vegna núverandi heimskreppu lánaði sjóðurinn um 60 milljarða dollara til aðildarríkja frá lok árs 2008 og byrjun 2009 (IMF, e.d.-k).

Í mars 2009 kynnti sjóðurinn mikið breytta útlánastefnu ásamt nýrri lánalínu, FCL¹⁰. Vegna mismunandi aðstæðna lántökuríkja skiptast útlán sjóðsins á sjö mismunandi lánalínur. Lánveitingar til þróunarlanda koma frá ECF¹¹, SCF¹² og RCF¹³-lánalínunum. Lán til þjóða sem stefna að efnahagslegum umbreytingum veitir

¹⁰ e. Flexible Credit Line

¹¹ e. The Extended Credit Facility

¹² e. The Standby Credit Facility

¹³ e. The Rapid Credit Facility

EFF¹⁴ lánaáína og dreifast lánaveitingar venjulega á 3 ár en endurgreiðsla skal fara fram um 5-10 árum frá fyrsta láni. Sérstök lánaáína er fyrir lán vegna neyðaraðstoðar, sem býðst þjóðum sem hafa upplifað náttúruhamfarir eða stríð. Áður nefnd FCL lánaáína felur í sér að sjóðurinn veitir skilyrðislaus lán, í fyrsta skipti í sögunni. Til að fá slík lán verður lántökuríkið þó að komast í gegnum strangt inntökufarli þar sem m.a. eru settar kröfur um afar sterkar efnahagslegar undirstöður, skýr og sterk stefnumál ásamt framúrskarandi framkvæmd stefnumála (IMF, 2010m).

Að lokum er lánaáína sem lán Íslands kemur frá og kallast hún SBA¹⁵ eða viðbúnaðarlán. Þeirri lánaáínu er ætlað að hjálpa meðalríkum þjóðum að vinna á skammtíma vandamálum varðandi greiðslujöfnuð. Viðbúnaðarlánin eru ekki öll greidd út við samþykkt framkvæmdastjórnar heldur dreifast lánaveitingar yfir tímabil, yfirleitt 1-2 ár. Fyrir hverja útborgun láns þarf sjóðurinn að staðfesta að staða lántökuríkis fylgi stefnu og uppfylli kröfur efnahagsáætlunar með endurskoðun. Ef staða lántakanda batnar hraðar en spáð var og ekki er talin þörf á frekari lánum frá sjóðnum getur lántökuríki hvenær sem er hætt við frekari lántöku. Viðbúnaðarlán skal greiða á 3-5 árum frá lántöku (IMF, 2010m).

Hæstu útistandandi lán sjóðsins í gegnum SBA-lánaáínuna í mars 2010 eru til Ungverjalands, 10,5 milljarðar SDR, Úkraínu 11 milljarðar SDR og Rúmeníu tæpir 11,5 milljarðar SDR. Hæstu lánin koma þó úr FCL-lánaáínunni þar sem Pólland hefur fengið tæpa 14 milljarða SDR og Mexíkó tæpa 32 milljarða SDR (IMF, 2010n).

4.4. Skilyrði fyrir lánum

Öllum lánum frá AGS, að undanskildum FCL lánunum, fylgja skilyrði sem lántaki þarf að fara eftir. Undanfarin ár hafa skilyrði sjóðsins um efnahagslega uppbyggingu þó orðið sveigjanlegri. Skilyrði sjóðsins fela í víðum skilningi í sér bæði skipulag stuðningsáætlana AGS þ.e. þjóðhagfræðilega þætti og formgerð, ásamt þeim verkfærum sem notuð eru til að fylgjast með gangi efnahagsuppbyggingar lántökuríkis. Samkvæmt sjóðnum er markmiðið með skilyrðunum að hjálpa ríkjum að leysa skuldastöðu sína án þess að setja hagsæld þjóðarinnar í hættu. Einnig er

¹⁴ e. Extended Fund Facility

¹⁵ e. Stand-By Arrangements

skilyrðunum ætlað að vernda hagsmuni sjóðsins með því að tryggja að efnahagur þjóðarinnar verði nógu öflugur til að hægt sé að endurgreiða lánin (IMF, 2009a).

Við ákvörðun skilyrða vinnur AGS út frá þeirri reglu að lántakandi beri ábyrgð á vali, hönnun og framkvæmd stefnu sem muni bera árangur. Efnahagsstefnu lántakanda er lýst í viljayfirlýsingu¹⁶ sem fylgir umsókn um lán frá sjóðnum. Markmið efnahagsáætlunar og stefna lántakanda fer eftir aðstæðum hvernar þjóðar. Sameiginlegt markmið allra áætlana er þó ávallt að viðhalda greiðslujöfnuði og þjóðhagfræðilegum stöðugleika og leggja grunninn að vexti hagkerfisins og hagsæld (IMF, 2009a).

AGS hefur í gegnum tíðina verið harðlega gagnrýndur fyrir óviðeigandi og ósanngjörn skilyrði sem nánar er fjallað um í kaflanum Gagnrýni á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

4.5. Fjármagn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Fjármagn sjóðsins kemur frá aðildarþjóðunum, aðallega í gegnum kvóta. AGS á einnig rúmlega 3000 tonn af gulli, sem gerir sjóðinn að þriðja stærsta gulleigenda heims. Strangar reglur gilda þó um notkun gullsins. Til að mega selja eða taka við gulli sem greiðslu verður að fást samþykki 85% aðildarríka en einnig má sjóðurinn ekki kaupa gull eða eiga í öðrum viðskiptum með það. Nýlega samþykktu aðildarríkin að selja rúm 400 tonn af gullbirgðum sjóðsins. Hagnaðurinn af sölunni verður nýttur til lánveitinga til þróunarlanda ásamt því að tryggja enn fremur rekstrargrundvöll sjóðsins til langs tíma (IMF, 2010l).

AGS tekur ekki lán á fjármáلامarkaði en hefur gert lánasamninga við efnaðar aðildarþjóðir um lán við sérstakar aðstæður t.d. alvarlega fjármálakreppu. Samningarnir kallast NAB¹⁷ og GAB¹⁸ og voru endurnýjaðir árið 2007, með sameiginlegri lánsgetu upp á 34 milljarða SDR.

Í apríl 2009 var ákveðið að hækka útlánagetu AGS um 250 milljarða dollara með tafarlausri fjármögnun frá G-20¹⁹ ríkjunum og í framhaldinu skildi lánsgeta NAB hækkuð í 500 milljarða dollara. Árið 2009 gerði sjóðurinn einnig nokkra tvíhliða

¹⁶ e. Letter of intent

¹⁷ e. The New Arrangements to Borrow

¹⁸ e. The General Arrangements to Borrow

¹⁹ Samtök 20 stærstu hagkerfa heims

lánasamninga við Kínverja, sem eru hvorki aðilar að NAB eða GAB. Allt þetta aukafjármagn á að tryggja að sjóðurinn geti veitt aðildarríkjum sínum aðstoð í núverandi efnahagskreppu (IMF, 2010l).

Sjóðurinn veitir þróunarlöndum tvennskonar fjárhagsaðstoð, lán og skuldaaflausn. Lánin eru veitt af PRGF²⁰ og ESF²¹ deildunum og skuldaaflausnin af HIPC²² og MDRI²³ átökunum. Fjármagn þessara sjóða kemur frá framlögum aðildarríkja og sjóðnum sjálfum, en ekki úr kvótakerfinu. Lánsgeta PRGF og ESF sjóðanna er nú um 26 milljarðar dollara og geta þeir lánað á 0,5% ársvöxtum (IMF, 2010l).

5. SDR

Mælieiningin sem AGS notar yfir öll sín reikningsskil hefur á íslensku verið kölluð sérstök dráttarréttindi²⁴, skammstafað SDR. Sjóðurinn bjó SDR til árið 1969 sem stuðning við fastgengisstefnu Bretton Woods kerfisins. Aðildarríkin þurftu þá að eiga varasjóði í gulli og einhverjum aðalgjaldmiðlum heimsins til að geta keypt eigin gjaldmiðil á erlendum mörkuðum, til að halda réttu gengi. Vandmálið við þetta fyrirkomulag var að alþjóðlegt framboð á tveimur helstu eignum varasjóðanna þ.e. gulli og bandarískum dollar var ekki nægt til að standa undir þeirri miklu aukningu í alþjóðaviðskiptum sem átti sér stað á þessum árum. Því var ákveðið að búa til nýjan valkost til að eiga sem varaforða þ.e. SDR (IMF, 2010b).

SDR er ekki gjaldmiðill heldur gjaldeyriskarfa en virðið er reiknað út frá gengi evru, japansks jens, sterlingspunds og bandarískis dollar. Í fyrstu var SDR þó tengt við verð á gulli í því magni að það jafngildi einum dollar. Síðan Bretton Woods kerfið féll hefur SDR verið tengt við gengi þeirra fjögurra gjaldmiðla sem áður voru nefndir. AGS birtir daglega nýja útreikninga á virði SDR gagnvart Bandaríkjadal og á 5 ára fresti endurskoðar sjóðurinn samsetningu gjaldeyriskörfunnar (IMF, 2010b).

²⁰ e. Poverty Reduction and Growth Trust

²¹ e. The Exogenous Shocks Facility

²² e. Heavily Indebted Poor Countries Initiative

²³ e. Multilateral Debt Relief Initiative

²⁴ e. Special Drawing Rights

Öll lán sem sjóðurinn veitir eru í SDR og bera SDR vexti. Vextirnir er reiknaðir vikulega og eru þeir byggðir á vegnu meðaltali vaxta á skammtímaskuldum á peningamörkuðum gjaldmiðlanna sem gjaldeyriskörfuna skipa (IMF, 2010b).

6. Kvóti

Til að mögulegt sé fyrir AGS að standa undir skuldbindingum sínum við aðildarþjóðir þarf sjóðurinn töluvert starfsfé. Megnið af fjármagni sjóðsins kemur frá aðildarþjóðum í gegnum svokallað kvótakerfi. Við inngöngu er nýju aðildarríki úthlutað kvóta sem er álíkur kvóta annarra aðildarríkja með sambærilegan efnahag og aðstæður (IMF, 2010d).

Sjóðurinn tók nýlega í gagnið nýja formúlu við útreikning sinn á kvóta hvernar þjóðar. Hún er vegið meðaltal af vergri þjóðarframleiðslu (50%), opingáttarvísitölu hagkerfis²⁵ (30%), efnahagslegum óstöðugleika (15%) og varasjóði ríkis (5%). Við útreikning vergrar þjóðarframleiðslu er notuð verg þjóðarframleiðsla reiknuð út frá gengi gjaldmiðils (60%) og jafnvirðisgildi hans (40%) (IMF, 2010d).

Heildarkvóti er um 217 milljarðar SDR en Bandaríkjamenn bera mestan kvóta, 37,1 milljarð SDR en minnstan kvóta ber Palau, 3,1 milljón SDR (IMF, 2010c). Kvóti Íslands er 117,6 milljónir SDR og er landið þar á svipuðum slóðum og t.d. Hondúras, Líbería og Lettland (IMF, 2010d).

Stærð kvótans hefur töluverð áhrif á stöðu þjóða innan sjóðsins t.d. á fjárframlög, atkvæðisrétt og aðgang að fjármagni. Við inngöngu skal hver þjóð staðgreiða inngöngugjaldið að fullu, að minnsta kosti 25% þess skulu greidd í SDR eða einhverjum af stærstu gjaldmiðlum heims t.d. bandarískum dollar, sterlingspundi, japönskum jenum eða evrum. Hin 75% eru aftur á móti greidd í gjaldmiðli nýju aðildarþjóðarinnar (IMF, 2010c).

Atkvæðisréttur innan AGS byggir á kvóta hvernar þjóðar. Öll aðildarríkin hafa 250 grunnatkvæði en síðan bætist eitt atkvæði við fyrir hver 100.000 SDR í kvóta. Bandaríkin eru því með mestan atkvæðisrétt eða 371.743 atkvæði, um 17% af heildaratkvæðum. Til samanburðar hefur Ísland 1.426 atkvæði sem eru 0.06% atkvæða (IMF, 2010d). Kvótinn setur einnig hámark á hversu mikið lánsfé aðildarríki getur

²⁵ Opingáttarvísitala er mælikvarði á hversu opið hagkerfið er gagnvart útlöndum

fengið frá sjóðnum. Samkvæmt núverandi reglum sjóðsins getur hvert ríki fengið allt að tvöfaldann kvóta sinn að láni árlega og í heild sexfaldann kvóta sinn (IMF, 2010c). Í undantekningar tilfellum geta lán þó orðið hærri, samanber lán sjóðsins til Íslands árin 2008 og 2009 sem eru samanlögð 665 milljón SDR, sem samsvarar 565% af kvóta en lánið verður í heildina 1.4 milljarður SDR sem samsvarar 1190% af kvóta (IMF, 2010e).

Stjórnarnefnd AGS endurskoðar kvótann reglulega, venjulega á 5 ára fresti. Allar breytingar á skiptingu kvótans þurfa að vera samþykktar með 85% atkvæða. Tvö helstu atriðin í endurskoðuninni eru stærð heildarkvóta og skipting hans milli aðildarríkja. Síðasta áætlaða endurskoðun kvótans var í janúar 2008 og þá var ekki talin þörf á að auka eða breyta kvótanum. Þremur mánuðum síðar var þó sett fram reglugerð sem fól í sér töluverðar breytingar á kvótanum. Breytingarnar fela t.d. í sér notkun nýju formúlunnar við útreikning kvótans, hækkun á kvóta þeirra 54 þjóða sem voru vanmetnar eftir að nýja formúlan var tekin í gagnid ásamt þreföldun grunnatkvæða til að koma til móts við smærri þjóðir (IMF, 2010c).

7. Kjördæmi

Stærstu aðildarríkin þ.e. Bandaríkin, Japan, Þýskaland, Frakkland, Bretland, Kína, Rússland og Saudi Arabía hafa eigin sæti í framkvæmdastjórn og fjárhagsnefnd. Aðrar þjóðir koma fram saman og mynda kjördæmi í hópum fjögurra eða fleiri ríkja, um hvert sæti. Ísland er aðili að kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem saman hafa 3,43% heildaratkvæða (IMF, 2010d).

Löndin kjósa sameiginlega fulltrúa í framkvæmdastjórn og fjárhagsnefnd og forysta í kjördæmi er til tveggja ára í senn. Ísland gegndi því hlutverki síðast árin 2002 og 2003 þegar Ólafur Ísleifsson (2002-2003) og Vilhjálmur Egilsson (2003) sátu í framkvæmdastjórn AGS. Áður höfðu þrír Íslendingar verið aðalfulltrúar kjördæmisins, Þórhallur Ásgeirsson (1960-62), Jón Sigurðsson (1980-1983) og Ingimundur Friðriksson (1991-1993) (Seðlabanki Íslands, e.d.-c). Í dag eru Danir í forsvari fyrir kjördæmið og á Per Callesen sæti í framkvæmdastjórninni (IMF, 2010k).

Fjárhagsnefnd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja²⁶ fjallar aðallega um samstarf landanna á vettvangi sjóðsins og mótar áherslur kjördæmisins. Í nefndinni sitja tveir fulltrúar frá hverju ríki og eru fulltrúar Íslands þeir Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri Seðlabanka Íslands og fyrrnefndur Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Undir fjárhagsnefndinni starfar varafulltrúanefnd sem í sitja fulltrúar allra átta ríkjanna. Fyrir Íslands hönd í þeirri nefnd situr Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjóra, Seðlabanka Íslands (Seðlabanki Íslands, e.d.-c).

8. Samvinna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra

Upphaf bæði AGS og Alþjóðabankans má rekja til Bretton Woods ráðstefnunnar árið 1944. Markmið ráðstefnunnar var að koma á fót kerfi sem stuðlaði að efnahagslegri samvinnu ríkja og uppbyggingu sem leiða myndi til stöðugs og auðugs alþjóðahagkerfis. Þrátt fyrir að markmiðið haldist það sama hjá báðum stofnunum, hefur starfsemin breyst mikið og þróast með breytingum í alþjóðahagkerfinu og nýjum vandamálum (IMF, 2010g).

Eins og áður segir skiptist starfsemi AGS í þrennt, ráðgjöf í efnahagsmálum til aðildarþjóða, eftirlit og lánveitingarnar. Lán frá AGS eru oftast til skamms tíma og mestmegnis fjármögnuð með kvótagreiðslum aðildarríkja. Starfmenn sjóðsins eru aðallega hagfræðingar með reynslu í þjóðhagfræði og fjármálastefnum (IMF, 2010g).

Alþjóðabankinn starfar á hinn bóginn með þjóðum til lengri tíma. Bankinn vinnur að efnahagslegri uppbyggingu og berst gegn fátækt með tæknilegri aðstoð og langtímalánum. Lán frá bankanum eru t.d. notuð við uppbyggingu heilbrigðis- og menntakerfis, öflun vatns og í baráttunni gegn sjúkdómum. Lánin eru aðallega fjármögnuð með framlögum aðildarþjóða ásamt útgáfu skuldabréfa. Við bankann starfa oftast sérfræðingar á sínu sviði, málefni eða tækni (IMF, 2010g).

Alþjóðabankinn og AGS vinna saman við að aðstoða aðildarríki og hittast framkvæmdastjórar stofnananna reglulega til að ræða mikilvæg sameiginleg viðfangsefni. Sjóðráð AGS og fulltrúar Alþjóðabankans hittast einnig árlega, á þingi

²⁶ e. Nordic Baltic Monetary and Financial Committee

stofnananna. Þar ræða fulltrúar aðildarþjóða saman og kynna skoðanir lands síns á málefnum líðandi stundar í alþjóðahagkerfinu (IMF, 2010g).

Þegar báðar stofnanirnar koma að aðstoð við sama ríkið vinna þær náið saman t.d. við stefnumótun. Starfsmenn stofnananna vinna þá sameiginlega að gerð efnahagsáætlunar eða taka þátt í starfi hinnar stofnunarinnar. Stofnanirnar deila með sér gögnum og upplýsingum um viðkomandi ríki og starfa saman við ákvörðun skilyrða fyrir lánum. (IMF, 2010g).

AGS og Alþjóðabankinn starfa einnig saman við að minnka skuldir fátækustu þjóða heims og settu árið 1996 á fót áður nefnd HIPC-átak og árið 2005 MDRI-átakið. Markmið þessara sjóða er að hjálpa fátækustu þjóðum heims að þróast og stuðla að uppbyggingu án þess að í framtíðinni skapist skuldavandi. Skuldsett þróunarlönd vinna með AGS og Alþjóðabankanum í gegnum HIPC-átakið sem hefur það að markmiði að engin skuldsett þjóð ætti að bera meiri skuldir en hún getur greitt til baka. Megináhersla HIPC-átaksins er á efnahags- og kerfisumbætur s.s. að bæta félagslega kerfið með auknum fjárframlögum til heilbrigðis- og menntamála. Aðeins þær þjóðir sem uppfylla skilyrði AGS um inngöngu í HIPC s.s. að skulda meira en ríkið getur borgað, komast inn í ferlið. Til að klára HIPC ferlið verður ríkið einnig að uppfylla ýmis skilyrði s.s. að koma af stað endurbótum í efnahagsmálum og að hafa fylgt skilyrðum sjóðsins (IMF, 2010h; Seðlabanki Íslands, e.d.-a).

Ef ríki kemst í gegnum HIPC ferlið tekur MDRI ferlið við en það felur í sér skuldaniðurfellingu á öllum skuldum frá AGS, Alþjóðabankanum og Þróunarsjóði Afríkurríkja²⁷. Skuldaniðurfellingin felur þó ekki í sér að allar skuldir ríkisins séu felldar niður, því eftir sitja skuldir fjárfesta og annarra lánadrottna. Aðrir lánadrottnar hafa þó fylgt fordæmi MDRI á stundum og einnig fellt niður sínar skuldir (IMF, 2010i). Í janúar 2010 höfðu 28 ríki fengið skuldaniðurfellingu, að upphæð 2.740 milljarða dollara (IMF, 2010j).

9. Gagnrýni á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

AGS á sér fjölmarga andstæðinga um allan heim sem hafa gagnrýnt aðferðir sjóðsins við aðstoð lántökurríkja. Mikið hefur verið skrifað um starfsemi sjóðsins á vefsíðum og

²⁷ e. African Development Fund

fjallað um starfsemi hans í heimildarmyndum s.s. *Zeitgeist Addendum*, *The New Rulers of the World* og *Life and Debt*. Þessar heimildarmyndir eiga það þó sameignlegt að í öllum þeirra koma fram miklar fullyrðingar sem erfitt er að finna rök fyrir. AGS er helst gagnrýndur fyrir að setja ströng skilyrði fyrir lánum sínum s.s. að afnema viðskiptahömlur og verndartolla, niðurskurð í velferðarkerfinu, krefjast aðkomu erlendra fyrirtækja að uppbyggingu og einkavæðingu ríkisfyrirtækja, sem oft enda í höndum erlendra aðila. Fjöldi mótmæla gegn sjóðnum hafa átt sér stað undanfarin ár, t.d. voru rúmlega 600 manns handteknir fyrir mótmæli við fundarstað AGS og Alþjóðabankans í Washington árið 2002 (Franken, B., Hung, S., Ahlers, M., 2002).

Joseph E. Stiglitz nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia skólann í Bandaríkjunum hefur gagnrýnt sjóðinn harðlega. Stiglitz gegndi stöðu framkvæmdastjóra og aðalhogfræðings Alþjóðabankans frá árinu 1997 til 2000 en hætti störfum vegna deilna um hvernig skyldi aðstoða þjóðir Austur-Asíu í kreppunni sem hófst í Taílandi árið 1997. (*Brief Biography of Joseph E. Stiglitz*, e.d.)

Tímaritið *The New Republic* birti í apríl árið 2000 grein eftir Stiglitz þar sem hann skrifaði um störf AGS í Austur-Asíu og samskipti sín við sjóðinn sem framkvæmdastjóri Alþjóðabankans. Í greininni kemur fram að eftir þriggja áratuga efnahagslegan uppgang hjá þjóðum Austur-Asíu hafi byrjað að síga á ógæfuhliðina eftir að löndin opnuðu fjármálamarkaði sína. Það var ekki gert því þjóðunum vantaði meira fjármagn, ekki var þörf á því, heldur vegna pressu frá alþjóðasamfélaginu. Þessum breytingum fylgdi mikið flæði skammtímafjármagns inn í hagkerfið og í Taílandi hækkaði fasteignaverð gríðarlega á skömmum tíma. Þegar lausafé á markaði minnkaði skyndilega hrundi fasteignaverðið og hagkerfið í kjölfarið (Stiglitz, 2000).

Síðasta kreppa á undan Asíukreppunni var í Suður-Ameríku á níunda áratugnum þar sem fjárlagahalli og léleg peningamálastefna leiddi til óhóflegrar verðbólgu. Sem skilyrði fyrir aðstoð sinni í Suður-Ameríku setti AGS strangar kröfur um aðhald í ríkisfjármálum og peningamálastefnu, með misjöfnum árangri. Árið 1997 setti AGS sömu skilyrði fyrir láni til Taílands og vænti þess að aðhald í ríkisfjármálum myndi endurvekja traust á hagkerfi landsins. Þegar kreppan breiddist út um Austur-Asíu og tákni voru á lofti að aðferðafræði AGS væri ekki að virka, breytti sjóðurinn ekki afstöðu sinni heldur veitti öllum þjóðunum sem á eftir fylgdu sömu ráð og Taílandi (Stiglitz, 2000).

Þetta voru mistök að mati Stiglitz, því ólíkt löndum Suður-Ameríku var ekki halli í ríkisfjármálum Austur-Asíuríkjanna. Þvert á móti skiluðu ríkisjóðirnir það miklum hagnaði að þeir seltu hagkerfin sem vantaði fé til menntamála og uppbyggingu innviða samfélagsins, sem bæði eru grundvöllur fyrir frekari efnahagsuppbyggingu. Í Asíuríkjunum ríkti enn fremur mikið aðhald í peningamálum og verðbólga var tiltölulega lág. Vandamál ríkjanna var ekki vanhæf ríkisstjórn líkt og í Suður-Ameríku, heldur vanhæfur einkageiri (Stiglitz, 2000).

Við slíkar aðstæður óttaðist Stiglitz að aðhald í ríkisfjármálum myndi ekki endurlífga efnahag ríkjanna, heldur þvert á móti orsaka frekari samdrátt og jafnvel kreppu. Háir stýrivextir myndu gera skuldsett fyrirtæki gjaldþrota og minnkuð útgjöld ríkjanna myndu minnka efnahag þeirra enn frekar (Stiglitz, 2000).

Aukið aðhald í útgjöldum Asíuríkjanna leiddi til þess að niðurgreiðsla á nauðsynjavörum s.s. mat og eldsneyti var felld niður á sama tíma og aðhaldsaðgerðirnar leiddu til aukinnar eftirspurnar. Stiglitz heldur því fram í greininni að AGS hafi ekki bara mistekist að stuðla að efnahagslegri uppbyggingu ríkjanna heldur einnig grafið undan þjóðfélagslegri uppbyggingu þeirra (Stiglitz, 2000).

Því ræddi Stiglitz við samstarfsmenn sína og hafði samband við starfsmenn AGS, greindi þeim frá áhyggjum sínum og bað þá gera allt sem þeir gætu til að breyta aðferðafræði sjóðsins. Stiglitz sagði það hafa verið auðvelt að telja samstarfsmönnum sínum hjá Alþjóðabankanum trú um að breytingar væru nauðsynlegar en að hafa áhrif á skoðanir AGS væri nánast ógerlegt. Þar sem flestar ákvarðanir sjóðsins væru teknar bakvið luktur dyr væri vonlaust að komast að því hvað hindraði breytingar á starfsháttum. Stiglitz heldur því einnig fram að fræðilega styðji AGS lýðræðislega innleiðingu í efnahag lántakenda en í framkvæmd grafi sjóðurinn undan lýðræði með reglugerðum sínum. Sjóðurinn neyði ríki þó ekki til að samþykkja skilyrði sín fyrir lánum heldur sé samið um þau. Í samningaviðræðunum hafi AGS þó öll vopnin í hendi sér og venjulega sé tímarammi samninga það stuttur að hið skuldsetta ríki hefur ekki tíma til að yfirfara alla kosti í stöðunni né ráðfæra sig við þing og almenning (Stiglitz, 2000).

Stiglitz gagnrýnir einnig sendinefndir AGS sem meta stöðu ríkja í heimsókn áður en lán eru veitt og segir að ekki sé hægt að meta stöðu heils efnahags og birt efnahagsáætlun innan þess tímaramma sem sendinefndirnar hafa þ.e. nokkrir dagar eða í mesta lagi vikur (Stiglitz, 2000).

Gagnrýnin vegna aðferða AGS í Austur-Asíu var sú mesta í sögu sjóðsins. Á heimasíðu AGS segir að sjóðurinn hafa lært af þessum mistökum og muni í framtíðinni vinna öðruvísi úr málunum. Í fyrsta lagi mun sjóðurinn leggja aukna áherslu á að fylgjast með veikleikum í bankakerfum og áhrif þessara veikleika á hagkerfin í heild. Til að fyrirbyggja frekari mistök stofnaði AGS, ásamt Alþjóðabankanum, deild kallaða FSAP²⁸ sem hefur það hlutverk að meta efnahag þjóða. Í öðru lagi gerði sjóðurinn sér grein fyrir að forsendur fyrir árangursríkri breytingu þ.e. fækkun á skilyrðum stjórnvalda, væri flóknari en talið hafði verið. Í þriðja lagi endurskoðaði sjóðurinn hvernig takast skuli á við samdrátt í efnahaglífi sem orsakist af skyndilegum lausafjárskorti, líkt og gerðist í Austur-Asíukreppunni. (IMF, e.d.-d).

Joseph Stiglitz hefur verið töluvert í sviðsljósinu vegna samstarfs Íslands og AGS undanfarið ár, hann var t.d. gestur í Silfri Egils ásamt því að halda fyrirlestur um sjóðinn í Háskóla Íslands. Stiglitz telur sjóðinn standa sig betur nú en áður og að sjóðurinn beiti sér fyrir sanngjörnum skilyrðum á Íslandi s.s. háum stýrivöxtum (Morgunblaðið, 6. september 2009).

AGS sætti einnig mikilli gagnrýni vegna aðkomu sjóðsins að lánveitingum til ríkja Suður-Ameríku í lok síðustu aldar og á fyrstu árum þessarar. Frægasta dæmið um misheppnaðan björgunarpakka er aðstoð sjóðsins við Argentínu. Eftir þrjú ár í mikilli fjármálakreppu gat ríkið ekki lengur staðið við erlendar skuldir sínar og neitaði, í desember 2001, að borga meira af þeim. Kreppan sem fylgdi var ein sú versta á síðustu árum og henni fylgdu gríðarleg efnahags- og félagsleg vandamál. Enn á ný voru áætlanir og hæfni AGS véfengdar, enda ekki að furða, þar sem sjóðurinn hafði átt stöðug samskipti við Argentínu áratuginn á undan og samþykkt fimm lánabeiðnir landsins en samt fór sem fór (IMF, 2004).

Orsakir kreppunnar má rekja til rangra ákvarðana beggja vegna samningaborðsins. Argentínskt stjórnvöld voru spillt og viðhéldu rangri fjármálastefnu t.d. í gengismálum (IMF, 2004).

Gengi argentínska pesósins hafði verið tengt gengi Bandaríkjadollars á genginu 1 á móti 1 með lagasetningu árið 1990. Til að tryggja að hægt væri að skipta pesóum í dollara þurfti seðlabanki landsins að eiga varasjóð sem jafngilti

²⁸ e. Financial Sector Assessment Program

peningamagni í umferð. Því neyddist ríkið til að halda áfram að taka lán m.a. frá AGS (Feldstein, 2002).

Ekki er þó hægt að skella allri sök vandans á argentínsk stjórnvöld. Í skýrslu innri endurskoðunar AGS sem birt var árið 2004 kemur fram hörð gagnrýni á aðferðir sjóðsins í málefnum Argentínu. Í skýrslunni er sjóðurinn m.a. gagnrýndur fyrir að hafa stutt veika fjármálastefnu ríkisins of lengi ásamt því að styðja við fastgengisstefnu stjórnvalda með gríðarlegum lánveitingum, sem aðeins juku skuldavanda ríkisins. Tekið er fram að í upphafi hafi þetta verið rétt ákvörðun en áframhaldandi lán árið 2001 hafi ekki á rétt á sér vegna sífelldra misbresta stjórnvalda við framkvæmd efnahagsáætlunarinnar (IMF, 2004).

Í skýrslunni koma fram 10 atriði um fjármálakreppuna í Argentínu sem sjóðurinn ætlar sér að læra af, eitt sem snýr að ákvörðunartöku en níu að eftirlitshlutverki og hönnun efnahagsáætlana (IMF, 2004).

Einnig setur innra eftirlit sjóðsins fram sex tillögur sem bæta eiga skilvirkni efnahagsáætlana t.d. stöðugt endurmat á virkni áætlana, að aukin áhersla skuli lögð á eftirlit með gengismálum og bæta skuli samskipta við stjórnvöld lántökuríkis (IMF, 2004).

10. AGS og Ísland

10.1. Tímaröð samvinnu AGS og Ísland

1945	Ísland er eitt af stofnríkjum AGS
1960	Fyrsta lán til Íslands veitt
1967-1968	Annað lán til Íslands veitt
1974-1976	Þriðja lán til Íslands veitt
1982	Fjórdða lán til Íslands veitt
24.10.2008	Fréttatilkynning AGS um umsókn Íslands um lán
3. 11.2008	Viljayfirlýsing stjórnvalda og AGS um samstarf undirrituð
19.11.2008	Stjórn sjóðsins samþykkir lán að upphæð 2,1 milljarður dala
25.02.2009	Fyrstu endurskoðun átti að ljúka
25.05.2009	Annarri endurskoðun átti að ljúka
25.08.2009	Þriðju endurskoðun átti að ljúka
20.10.2009	Viljayfirlýsing vegna fyrstu endurskoðunar send sjóðnum
28.10.2009	Fyrsta endurskoðun samþykkt
25.11.2009	Fjórdðu endurskoðun átti að ljúka
25.02.2010	Fimmtu endurskoðun átti að ljúka
07.04.2010	Viljayfirlýsing vegna annarar endurskoðunar send sjóðnum
16.04.2010	Önnur endurskoðun samþykkt
25.05.2010	Sjöttu endurskoðun átti að ljúka

10.2. Forsaga

Ísland var eitt af stofnríkjum AGS árið 1944 og er í kjördæmi með Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Norðurlöndin hafa starfað saman á vettvangi sjóðsins síðan 1952 en Eystrasaltsríkin gengu til liðs við þau árið 1992 eftir að hafa fengið inngöngu í sjóðinn (Seðlabanki Íslands, e.d.-c).

Ísland hefur fjórum sinnum fengið fjárhagsaðstoð frá AGS. Fyrsta lánið var veitt árið 1960 í tengslum við efnahagsumbætur viðreisnarstjórnarinnar. Árin 1967 og 1968 fékk Ísland sitt annað lán vegna mikillar minnkunar á útflutningstekjum og það þriðja á árunum 1974-1976 úr sérstökum olúsjóði vegna hækkunar á olúuverði. Fjórdða lánið til Íslands kom árið 1982 og var það tekið vegna samdráttar í útflutningstekjum

(Seðlabanki Íslands, e.d.-c). Ísland borgaði seinasta lánið upp árin 1986 og 1987 og var skuldlaust við sjóðinn eftir það (IMF, 2010e).

10.3. Bankahrun

Íslenska bankakerfið hafði vaxið gríðarlega síðustu árin fyrir hrunið 2008 og fjármagnað sig að miklu leyti með ódýru erlendu lánsfé. Eignir bankanna jukust úr því að vera 100% í 900% af vergri landsframleiðslu frá árinu 2004 til ársloka 2007. Því var íslenska bankakerfið eitt það stærsta í heiminum í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Þegar aðstæður á alþjóða fjármálamörkuðum versnuðu snemma árs 2008 hækkðu skuldatryggingarlög upp úr öllu valdi. Viðbrögð bankanna voru að hægja á útlánum, auka lausafé, draga úr kostnaði ásamt því að minnka rekstrareiningar og segja upp starfsmönnum. Svigrúm þeirra til að bæta stöðuna var takmarkað af áhættufælni alþjóðamarkaðarins, sem misst hafði trúna á íslensku fjármála- og hagkerfi og á endanum tók ríkið yfir rekstur bankanna þriggja (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Síðasta heimsókn og úttekt sérfræðinga AGS á efnahagslífi Íslands fyrir hrun bankanna var í júní 2008 og voru niðurstöðurnar birtar þann 4. júlí. Þar benti sjóðurinn á fjölmargar áhættur sem höfðu magnast og myndu aukast enn frekar eftir því sem á árið liði. Sjóðurinn benti t.d. á lausafjárahættu og áhættu við endurfjármögnun sem tengdist nauðsyn bankanna á markaðsfjármögnun og mikilli þörf þeirra á endurfjármögnun. Útlána- og markaðsáhættur sem tengdust stöðum í gjaldeyri, hlutabréfum, veðlánum, tengdum lánum ásamt mikilli áhættutöku og skuldsetningu innlendra lántaka voru einnig nefndar. Sjóðurinn benti einnig á áhættur í rekstri sem tengdust miklum vexti bankanna undanfarin ár ásamt eiginfjárahættum tengdum flókinni eigendauppbyggingu. Fram kom í skýrslu sjóðsins frá júlí 2008 að ef þessar áhættur kæmu að fullu fram væri Ísland í mjög miklum fjárhagslegum vanda (Forsætisráðuneytið, 2008a; IMF, 2008).

Þessi viðvörðun var þó ekki sú fyrsta sem Íslendingar fengu frá AGS því vorið 2006 gerði sjóðurinn úttekt á íslenskum efnahagsmálum. Niðurstaðan sem birt var þann 15. maí fer í fyrstu fögrum orðum um stöðu efnahagsmála, segir efnahagshorfur landsins öfundsverðar, að stofnanir séu öflugar og stefnumótunarumgjörð sé sterk. Auk þess segir að markaðir séu opnir og sveigjanlegir og að faglega sé staðið að stjórnun náttúruauðlinda. Umhverfi efnahagsmála sé stjórnað af menningu sem

einkennist að frumkvöðlakrafi sem leitt hafi til betri efnahagsárangurs en vænta mætti af svo smáu hagkerfi (Seðlabanki Íslands, 2006).

Gera má ráð fyrir að þjóðerniskennd og stolt Íslendinga hafi gert það að verkum að þessi orð hafi ein staðið eftir við lok lesturs skýrslunnar. Skýrsla sjóðsins var nefnilega ekki eingöngu jákvæð í garð íslensks efnahagslífs. Bent er á að vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu sé áhyggjuefni og við því þurfi að bregðast tímanlega. Vaxandi verðbólga, mikill viðskiptahalli, mjög skuldsett heimili, fyrirtæki og sérstaklega bankar valdi ókyrrð á fjármálamörkuðum sem ógni stöðugleika til skamms tíma. Sjóðurinn bendir á að ef litið væri um öxl hefði mátt bregðast við þessum aðstæðum með betur samhæfðum aðgerðum og aðhaldssamari ríkisfjármálum (Seðlabanki Íslands, 2006).

Mælt er með því að gripið verði til aðgerða fljótt til að minnka innlendan eftirspurnarþrýsting, ná tökum á verðbólgu markmiðum og eyða óvissu sem grafið gæti undan fjármálastöðugleika. Tímanlegar, margþættar og samræmdar aðgerðir stjórnvalda séu nauðsynlegar til að vinna bug á áhættunni (Seðlabanki Íslands, 2006).

Lág og lækkandi skuldastaða ríkissjóðs er sögð bera vitni um ábyrgja stjórn ríkisfjármála. Breytinga sé þó þörf þar sem ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sé talsvert meira en vænst var við fjárlagagerð fyrir árið 2006. Vaxandi ójafnvægi hafi aukið hættuna á að hagkerfið verði fyrir snöggum og harkalegum samdrætti ef skilyrði á fjármálamörkuðum versni fyrir Ísland. Skýrslan segir fjármálakerfið virðast traust en að áfram þurfi að draga úr veikleikum þess. Efnahagsreikningar bankanna hafi stækkað ótrúlega og áhyggjur sé á alþjóðamörkuðum að þessi hraði vöxtur hafi dregið fram veikleika í íslenska fjármálakerfinu. Mögulegir veikleikar séu umtalsverð endurfjármögnunarþörf, gæði útlána, úthaldsgeta bankanna á innlendum húsnæðismarkaði og krosseignarhald á hlutafé (Seðlabanki Íslands, 2006).

10.4. Umsókn um lán

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi í október 2008 óskuðu íslensk stjórnvöld formlega eftir samtarfi við AGS. Samkomulag náðist á grundvelli efnahagsstefnu sem fól í sér þrjúþætt markmið þ.e. að koma á stöðugleika á gjaldeyrismarkaði, tryggja sjálfbærni í opinberum fjármálum og að koma á heildstæðri áætlun fyrir endurreisn bankanna. Áætlun þessi var gerð til tveggja ára (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Til að koma í veg fyrir enn frekari gengislækkun var ákveðið að beita sveigjanlegri gengisstefnu gegnum peningamálastefnuna og nýta hömlur á fjármagnsflæði til að koma stöðugleika á gengið. Áhersla var lögð á stöðugt gengi því mikil áhætta stafaði af áhrifum þess á skuldabyrðina þar sem mikið af skuldum heimila og fyrirtækja voru gengisbundin eða tengd vísitölu. Einnig var talin hætta á miklum fjármagnsflóttu ef ekki yrði notast við sveigjanlega gengisstefnu (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Samkvæmt efnahagsáætluninni var ákveðið að leyfa áhrifum hagsveiflunnar að koma að fullu fram árið 2009 en 2010 yrði komið á öflugri langtímaáætlun í opinberum fjármálum til að ráða við hina miklu aukningu opinbera skulda (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Áætlunin um endurreisn bankanna fól m.a. í sér að tryggja áframhaldandi þjónustu bankanna innanlands, að hámarka endurheimt eigna og styrkja vinnuáðferðir eftirlitsaðila (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Viljayfirlýsing stjórnvalda og AGS um samstarf var undirrituð 3. nóvember 2008 og var lánaþyrirgreiðsla samþykkt þann 19. nóvember í framkvæmdastjórn sjóðsins. Samkvæmt áætluninni átti Ísland að fá 2,1 milljarð Bandaríkjadala að láni í áföngum, frá nóvember 2008 til nóvember 2010. Einnig var gert ráð fyrir öðrum lánum í kjölfarið, frá Norðurlöndunum og Póllandi, að jafnvirði 3 milljörðum dollara. Lánveiting AGS jafngildir 1,4 milljörðum SDR sem er um 1190% af kvóta þjóðarinnar og var samþykkt á grundvelli sérstakrar hraðmeðferðar (Seðlabanki Íslands, e.d.-d; Seðlabanki Íslands, 2008).

Í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins í október 2008 kemur fram að lánið frá AGS sé hugsað sem varasjóður í erlendri mynt sem myndar kjölfestu og trúverðugleika fyrir gengisstefnu stjórnvalda og gæti verið nýttur til að bregðast við óhóflegum sveiflum á gengi krónunnar (Forsætisráðuneytið, 2008b). Lán AGS skal Ísland greiða til baka á árunum 2012 til 2015 (Seðlabanki Íslands, e.d.-d).

Við samþykki lánaþyrirgreiðslunnar voru 560 milljónir SDR (827 milljónir Bandaríkjadala) greiddar til Íslands. Afgangur lánsins skyldi greiddur í átta jöfnum greiðslum að upphæð 105 milljón SDR (155 milljónir Bandaríkjadollara) hver (Seðlabanki Íslands, 2008). Fyrsta greiðslan átti að eiga sér stað 25. febrúar 2009 og síðan átti sjóðurinn að greiða Íslandi á þriggja mánaða fresti, með síðustu greiðslu setta þann 25. október 2010 (Forsætisráðuneytið, 2008b). Grundvöllur fyrir greiðslum

Þessum var ársfjórðungslegt samþykki framkvæmdastjórnar AGS, að teknu tilliti til endurskoðunar á framgangi aðgerðaráætlunar sjóðsins (Seðlabanki Íslands, 2008).

10.5. Endurskoðanir

Fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og AGS er lokið og fékk Ísland 105 milljónir SDR greiddar í október 2009, rúmum 8 mánuðum eftir að endurskoðuninni átti að ljúka. Önnur endurskoðun frestaðist vegna þessa og átti nú að fara fram í desember 2009, en lauk 16. apríl 2010. Vegna þeirra tafa sem urðu á fyrstu endurskoðun var samstarf AGS og Íslands framlengt um hálf ár eða til maí 2011. Við samþykkt annarrar endurskoðunar var samstarfið enn framlengt, nú til loka ágúst 2011 (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2009a).

Við hverja endurskoðun skulu íslensk stjórnvöld senda AGS uppfærða viljayfirlýsingu. Í yfirlýsingu stjórnvalda til framkvæmdastjórnar sjóðsins við fyrstu endurskoðun kom fram að meginmarkið efnahagsáætlunarinnar væru að tryggja stöðugleika krónunnar, endurreisa fjármálakerfið og tryggja sjálfbærni í opinberum fjármálum. Þrátt fyrir að hart hafði verið unnið að því að ná þeim markmiðum sem sjóðurinn setti þurfti að óska eftir undanþágu í nokkrum liðum, þar sem ekki var unnt að ná tilsettum markmiðum á tíma. Stjórnin AGS féllst á að veita undanþágu frá ákvæðum um hreinan fjármagnsjöfnuð ríkissjóðs, hreinan gjaldeyrisforða Seðlabankans og endurfjármögnun viðskiptabankanna, ásamt því að tillit var tekið til aðstæðna varðandi framkvæmd gjaldeyrishafta (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2009a).

Þessar undanþágur voru þó ekki einu ástæður tafanna á endurskoðuninni. Í skýrslu AGS um samþykkt fyrstu endurskoðunar kemur meðal annars fram að tafir hafi orðið vegna pólitískra vandamála s.s. stjórnarskiptanna í janúar 2009. Einnig hafi flöskuhálsar í stjórnsýslunni komið í veg fyrir að tölulegum og kerfislegum markmiðum yrði náð (IMF, 2009b).

Annarri endurskoðun átti upphaflega að vera lokið þann 25. maí 2009 en tafðist mikið, að miklu leyti vegna deilna um Icesave málið svokallaða (Forsætisráðuneytið, 2008a). Strauss-Kahn framkvæmdastjóri AGS tók það skýrt fram að lausn Icesave deilu Íslendinga við Hollendinga og Breta væri ekki skilyrði fyrir áframhaldandi lánveitingum. Endurskoðunin gat þó ekki farið fram nema með samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins og í viðtali við Bloomberg fréttastofuna þann

30. mars 2009 lýsti Strauss-Kahn efasemdum sínum um að meirihluti myndi nást (Lovasz, 2010).

Dagana 25. og 26. mars 2010 sátu Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra fundi með framkvæmdastjórn og fastafulltrúum AGS í Washington. Fulltrúar sjóðsins greindu þar frá vilja sínum um að næsta endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og AGS næði fram að ganga. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að önnur endurskoðun skildi fara fram hið fyrsta, óháð stöðu Icesave deilunnar. Mikilvægt væri að samstarf sjóðsins og Íslands myndi halda áfram þar sem það væri ein af forsendum þess að ryðja mætti úr vegi hindrunum fyrir bata og endurreisn efnahagslífsins. Báðir aðilar voru sammála um að þróun hagstærða gæfi tilefni til bjartsýni um árangur t.d. væri samdráttur landsframleiðslu árið 2009 minni en spáð var og atvinnuleysi minna en óttast hafi verið (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2010a).

Í fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands þann 31. mars 2010 koma fram áhyggjur fundarmanna á töfum á annarri endurskoðun AGS. Langvarandi tafir á endurskoðuninni gætu valdið því að gjaldeyrisforði yrði hættulega lítill eftir stórar afborganir af skuldum ríkissjóðs árin 2011 og 2012. Ef svo hefði farið hefði Seðlabankinn þurft að fara inn á gjaldeyrismarkaðinn og kaupa erlendan gjaldeyri í miklu mæli til að tryggja að forðinn yrði ekki hættulega lítill. Það myndi leiða til lægra gengi krónunnar, aukinnar verðbólgu og tefla í tvísýnu því markmiði efnahagsstefnunnar að verja kjör almennings (Seðlabanki Íslands, 2010a).

Að undanfögnu hefur hávær umræða átt sér stað í íslensku samfélagi um ástæður þess að endurskoðanir náist ekki á tilsettum tíma og hafa ýmsar ástæður verið nefndar t.d. sú að Bretar og Hollendingar beiti AGS pressu. Í desember 2009 birtust á vefnum Wikileaks tölvupóstsamskipti Indriða H. Þorlákssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra og Mark Flanagan, fulltrúa AGS í málefnum Íslands. Í tölvupósti sem Indriði sendi Flanagan þann 13. apríl 2009 kom meðal annars fram að Indriði teldi votta fyrir þvingunartóni frá Bretum og Hollendingum um að þeir kynnu að nota aðra endurskoðun á áætlun Íslands hjá AGS til að knýja fram hagstæða niðurstöðu í Icesave deilunni. Í svari Flanagan degi síðar kemur fram að hann segist vita að samningaviðræðurnar séu afar viðkvæmt mál á Íslandi og það muni taka tíma að fá niðurstöðu. Deilan sé hinsvegar lykilatriði fyrir endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og erfitt sé að þoka henni áfram fyrr en eitthvert samkomulag liggi fyrir milli

þjóðanna þriggja. Hann segir enn fremur að sjóðurinn muni ekki blanda sér í slíkar milliríkjadeilur en muni að sjálfsögðu svara þeim spurningum sem Bretar og Hollendingar kunni að beina til sín (Morgunblaðið, 6. desember 2009).

Þetta svar verður að kallast nokkur þversögn við yfirlýsingar Strauss-Kahn um að Icesave málið hafi ekki áhrif á endurskoðanir, sem birtast t.d. í opnu bréfi sem hann skrifar sem svar við bréfi Gunnars Sigurðssonar mótmælanda. Í bréfinu tekur Strauss-Kahn skýrt fram að lausn Icesave deilunnar sé ekki skilyrði fyrir áframhaldandi aðstoð sjóðsins. Aftur á móti hafi deilan haft óbein áhrif á tímasetningu fyrstu endurskoðunar sjóðsins því hún stóð í vegi fyrir lánnum frá Norðurlöndunum (Strauss-Kahn, 2009).

Þann 16. apríl 2010 samþykkti framkvæmdastjórn AGS að lokum aðra endurskoðun efnahagsáætlunarinnar. Við samþykktina fengu Íslendingar 105 milljón SDR greiddar frá sjóðnum sem notaðar verða til að styrkja gjaldeyrisforðann frekar. Við samþykktina sendu íslensk stjórnvöld sjóðnum nýja viljayfirlýsingu sem lýsir efnahagsstefnu landsins, þeim árangri sem hefur náðst og hver næstu skref verða. Í viljayfirlýsingunni kemur einnig fram að markmiðum um stöðugt gengi hafi verið náð, að gert sé ráð fyrir að verðbólga fari ört lækkandi og að fjármögnun nýju viðskiptabankanna sé lokið (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2010b).

Í lok viljayfirlýsingarinnar er sérstakur kafli um Icesave reikninga Landsbankans. Þar gefa íslensk stjórnvöld Bretum og Hollendingum loforð um lausn Icesave deilunnar og heita greiðslu. Telja má víst að sá kafli hafi vegið mikið í ákvörðun framkvæmdastjórnar um samþykkt endurskoðunarinnar (Seðlabanki Íslands, 2010b).

10.6. Skilyrði AGS vegna láns til Íslands


Tvö helstu skilyrðin fyrir láni AGS til Íslands í upphafi voru hækkun stýrivaxta Seðlabankans í 18% ásamt því að komið skildi á fót nefnd sem skipuð var fulltrúum frá forsætisráðuneytinu, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Ísland, fjármálaráðuneytinu og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Formaður nefndarinnar skyldi vera sérfræðingur sem stýrði nefndinni í því hlutverki að endurbyggja bankakerfið. Markmið nefndarinnar var annarsvegar að sjá til þess að nýju ríkisbankarnir hefðu endurfjármagnað sig fyrir lok febrúar 2009 með eiginfjárlutfall ekki undir 10%. Hitt helsta markmið nefndarinnar var að fá álit reynslumikils sérfræðings, á sviði bankaeftirlits, á lögum og regluverki íslenska fjármálamarkaðarins ásamt mati hans á

störfum eftirlitsaðila bankakerfisins. Úttekt þessari átti að ljúka fyrir lok mars 2009 (Icelandic Government's Information & Services, e.d.-a).

Íslensk stjórnvöld og AGS ákváðu við upphaf samningaviðræðna vegna lánaumsóknar Íslands að ferlið yrði gagnsætt og gögn yrðu birt opinberlega. Efnahagsáætlun landsins ásamt fylgigögnum hafa verið birt opinberlega skömmu eftir að framkvæmdastjórn AGS hefur samþykkt skjölin. Íslensk stjórnvöld telja þessa opinberu birtingu gagna mikilvæga til að skapa einingu um þær aðgerðir sem grípa þarf til, til að vinna bug á þeim mikla efnahagsvanda sem þjóðin stendur frammi fyrir (Icelandic Government's Information & Services, e.d.-b).

Í beiðni Íslands um viðbúnaðarlán frá AGS í nóvember 2008 eru gengismál nefnd sem eitt af þremur aðalatriðum. Þar kemur fram að mikil áhersla skildi lögð á að koma jafnvægi á gengi krónunnar (Forsætisráðuneytið, 2008a). Hætta var talin á að mikið fjármagnsflæði úr landi leiddi til viðbótarlækkunar á gengi íslensku krónunnar. Til að stemma stigu við slíkri áhættu var talið nauðsynlegt að grípa til tímabundinna takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa. Í nóvember 2008 voru samþykkt lög, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál. Lög þessi veittu Seðlabanka Íslands tímabundna heimild um takmörkun á tilteknum fjármagnshreyfingum sem ekki snertu viðskipti með vörur og þjónustu þ.e. að setja gjaldeyrishöft. Lögin voru endurskoðuð í desember 2008 og breytt í mars 2009. Breytingin átti að stuðla að því að greiðslur fyrir útflutning vöru og þjónustu færu fram í erlendum gjaldmiðli. Í kjölfar þess að gjaldeyrishöftin voru sett á hefur verið unnið að lausnum fyrir þá aðila sem eiga fjármagn í íslenskum krónum sem þeir vilja selja. Nokkrir einkaaðilar hafa sett fram leiðir til að leysa vandann með eignaskiptum eða skuldabréfaútboðum. Lausn þessa verkefnis er sögð vera forsenda þess að unnt sé að losa um gjaldeyrishöftin. (Forsætisráðuneytið, 2009).

11. Þörf Íslands á láni




Mynd 1: Áætlaðar skuldir ríkissjóða (IMF, 2009c)

Á myndinni hér að ofan sjást áætlaðar skuldir ríkissjóða 11 þróaðra ríkja sem prósentutala af vergri landsframleiðslu. Grafið er unnið úr gögnum úr skýrslu AGS um horfur í efnahagsmálum og fjármálakreppuna frá 9. júní 2009. Það sýnir spá sjóðsins um skuldir ríkjanna, annarsvegar spá sem gerð var fyrir fjármálakreppuna árið 2007 og hinsvegar sumarið 2009. Í grafinu sést að Ísland er ekki eina þróaða ríkið sem skuldar meira en nemur vergri landsframleiðslu. Annmarkar grafsins eru þó að ekki er um hreinar skuldir að ræða heldur allar skuldir, án tillits til eigna. Grafið sýnir hversu gríðarlega skuldir Íslands hafa aukist síðustu ár sem vekur upp spurninguna um hver þörf Íslands á lánum sé (IMF, 2009c)

Skiptar skoðanir eru um hvernig lán AGS nýtist Íslandi. Í fjölmiðlum og netmiðlum birtast misvísandi upplýsingar um þörf Íslands fyrir láninu og hvernig það skuli nýtt. Íslenskir hagfræðingar eru ekki heldur sammála um þörf lánsins t.d. hafa Jón Daníelsson og Jón Steinsson haldið því fram að ekki sé þörf á láni sem liggja

óhreyft á bankabók í Bandaríkjunum, með þeim rökum að gjaldeyrisvarasjóður sem sé tekinn að láni sé í raun ekki gildur varasjóður. Á hinn bóginn telja m.a. hagfræðingarnir Vilhjálmur Egilsson og Gylfi Magnússon að Ísland sé komið í þá stöðu að lán verði ekki umflúið.

11.1. Skuldir Íslands



Mynd 2: Skuldir ríkissjóðs á árunum 2000-2010 (Fjármálaráðuneytið, 2010b).

Í árslok 2009 námu heildarskuldir ríkissjóðs 1.176 milljörðum króna sem jafngildir 78% af vergri landsframleiðslu. Skuldinar höfðu tæplega fjórfaldast frá árinu 2007 þegar ríkissjóður skuldaði 310 milljarða króna. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu voru skuldinar töluvert minni en þær voru áætlaðar á haustmánuðum 2009 en áætlun fjármálaráðuneytis hljómaði upp á 1.460,5 milljarða skuld. Stór ástæða þess að útkoman var betri en áætlað hafði verið, þ.e. minni skuldabyrði, var sú að inn í áætlunina voru tekin með væntanleg lán frá Norðurlöndunum og fleiri þjóðum að upphæð tæplega 74 milljarða króna sem skiluðu sér ekki (Fjármálaráðuneytið, 2010a).

Í árslok 2009 voru hreinar skuldir ríkissjóðs þ.e. skuldir að frádregnum peningalegum eignum um 39% af vergri landsframleiðslu, því á móti skuldum ríkissjóðs standa verulegar eignir t.d. í fjármála- og orkufyrirtækjum (Fjármálaráðuneytið, 2010a).

Tafla: Skuldir ríkissjóðs á árunum 2004-2010 (milljónir króna)

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	2004	2005	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Frumvarp 2010
Skuldir ríkissjóðs	252.990	196.146	292.528	311.011	931.324	1.460.500	1.754.600
Spariskírteini	37.910	26.063	17.664	17.410	19.713	21.400	21.600
Ríkisbréf	55.400	67.047	89.829	94.987	216.011	354.800	391.000
Ríkisvixlar	14.504	14.004	6.254	13.550	73.625	60.000	60.000
Aðrir innlendir aðilar	3.888	3.624	3.604	30.713	34.422	35.300	34.800
Erlend lán	126.466	85.408	80.567	63.151	95.976	89.200	88.600
Lántaka vegna gjaldeyrisforða	14.822	0	94.610	91.200	221.572	233.700	232.200
Lán Norðurlanda og annarra þjóða						73.700	326.100
Tapaðar veðlánakröfur Seðlabanka					270.005	292.400	300.300
Lántaka vegna eiginfjárframlags til banka						300.000	300.000

(Fjármálaráðuneytið, 2010b)

Innlendar markaðsskuldir ríkissjóðs eru 625 milljarðar króna en á móti þeim á ríkissjóður 164 milljarða innstæðu í Seðlabankanum. Skuldir ríkissjóðs vegna endurreisnar bankakerfisins voru í árslok 2009 um 186 milljarðar króna, en á móti þeim standa samsvarandi eignarhlutar og lánveitingar til bankanna. Lausafjárstaða ríkissjóðs er talin góð og getur ríkið endurfjármagnað lán að andvirði 130 milljarða króna sem eru til gjalddaga á árinu, vegna innstæðu sinnar í Seðlabankanum. Fjárþörf ríkissjóðs vegna væntanlegs hallareksturs þessa árs hefur nú þegar verið fjármögnuð að fullu á innlendum skuldabréfamarkaði (Fjármálaráðuneytið, 2010a).

Ríkissjóður hefur beitt virkri skuldastýringu við fjármögnun ríkissjóðs og vinnur þar eftir skuldastýringarstefnu sem mótuð var árið 2009 með ráðgjöf frá sérfræðingum AGS auk annarra sérfræðinga. Samkvæmt langtímaáætlun í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að heildarafkoma ríkissjóð verði í jafnvægi árið 2012 og að afkoman verði jákvæð 2013. Lán AGS til Íslands er ekki tekið með í þessum tölum enda er það tekið af Seðlabankanum en ekki ríkissjóði (Fjármálaráðuneytið, 2010a).

11.2. Lántökuþörf

Lán AGS er þó aðeins brot af erlendri lántökuþörf Íslands. Í umsókn Íslands um viðbúnaðarlán frá nóvember 2008 kemur fram að erlend lántökuþörf landsins á árunum 2008-2010 sé talin vera 23,5 milljarðar dollara. Þar af voru 10,3 milljarðar dollara áætlaðir til greiðslu gjaldfallinna skulda yfirteknu bankanna og 8,2 milljarðar dollara til greiðslu innlána í erlendum útibúum bankanna. Ekki er enn komið í ljós hversu mikið Íslendingar munu þurfa að greiða af þessum innlánnum eftir að þjóðin hafnaði Icesave samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Líkt og fram hefur komið í fréttum af Icesave deilunni munu Bretar og Hollendingar lána Íslendingum fyrir skuldinni, þegar samkomulag næst milli þjóðanna. (Forsætisráðuneytið, 2008a).

Í viljayfirlýsingu stjórnvalda við fyrstu endurskoðun frá október 2009 kemur fram að þörf landsins á ytri fjármögnun sé í meginatriðum sú sama og gert var ráð fyrir árið áður (Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, 2009b). Þessar tölur standast enn því í annarri endurskoðun kemur fram að áætluð erlend lántökuþörf Íslands hafi ekki breyst mikið og sé nú um 300% af vergri landsframleiðslu við árslok 2009. (International Monetary Fund, 2010o)

Til að mæta gríðarlegri lántökuþörf landsins hafa íslensk stjórnvöld skrifað undir lánasamninga við Norðurlöndin að jafnvirði 2,5 milljörðum dollara. Lánasamningarnir voru undirritaðir í júlí 2009 en lánin eru greidd út í fjórum jöfnum greiðslum sem tengdar eru endurskoðunum AGS (Fjármálaráðuneytið, 2009a).

Á sama tíma og lán Norðurlandanna var samþykkt lýstu frændur vorir Færeyingar því yfir að þeir myndu lána Íslendingum 300 milljónir danskra króna til að styðja við endurreisn efnahags á Íslandi (Fjármálaráðuneytið, 2009a).

Í október 2009 var undirritaður samningur milli Íslands og Póllands þess efnis að Pólverjar myndu lána Íslendingum u.þ.b. 200 milljónir Bandaríkjadala. Lán Pólverja er greitt út í þremur jöfnum hlutagreiðslum sem tengdar eru annarri, þriðju og fjórðu endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands og AGS (Fjármálaráðuneytið, 2009b).

Einnig hafa átt sér stað viðræður við Rússa um lán sem og Breta og Hollendinga um lausn á Icesave deilunni (Fjármálaráðuneytið, 2009a).

12. Aðrar lausnir

Líkt og vænta má frá þjóð sem hefur mátt þola gríðarlegt efnahagshrun hafa orðið miklar umræður um málefnið meðal almennings og er lán AGS til landsins þar engin

undantekning. Margir sem skrifað hafa um AGS á vefsíðum sínum og rætt málið opinberlega eru á móti því að taka lán frá sjóðnum. Þrátt fyrir þessa andstöðu við sjóðinn hafa ekki komið fram margar aðrar lausnir sem virðast líklegar til að skila farsælli niðurstöðu.

Ein hugmynd sem töluvert hefur verið skrifað um er að leita á náðir Parísarklúbbsins²⁹ svokallaðan. Parísarklúbburinn er samvinnuverkefni 19 auðugra ríkja og hefur það að markmiði að aðstoða verulega skuldsettar þjóðir. Klúbburinn hefur frá árinu 1956 veitt lán til 87 afar skuldsettra ríkja. Flest þessara ríkja eru í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku og eiga það sameiginlegt að vera flokkuð sem þróunarlönd. Nokkur ríki í Austur-Evrópu hafa þó leitað á náðir sjóðsins t.d. Pólland, Albanía og Króatía. Lífsskilyrði í lántökuríkjunum eru önnur og verri en við eigum að kynnast hér á landi. Margar þessara þjóða hafa átt í stríðum, verið stjórnað af einræðisherrum eða lent í gríðarlegum náttúruhamförum sbr. lánveitingar Parísarklúbbsins til ríkja Suðaustur-Asíu í kjölfar Tsunami flóðanna árið 2004. Þrátt fyrir aukið atvinnuleysi, miklar verðhækkningar og hærri skatta hérlendis eru lífsskilyrði á landinu almennt góð. Það verður því að teljast viss vanvirðing, að hálfu þeirra Íslendinga sem vilja leita til klúbbsins, gagnvart stöðu þeirra ríkja sem þangað leita (Huginn Þorsteinsson, 2009; Club de Paris, e.d.).

Önnur hugmynd er að endurskoða samstarfið við AGS. Í mars birti Framsóknarflokkurinn tillögu sem þeir kalla Þjóðarsátt 2010 þar sem lögð er áhersla á að endurskoða samstarf Íslands við sjóðinn. Að mati flokksins er óhjákvæmilegt að endurskoða peningamálastefnu Seðlabankans og þær aðferðir sem notaðar eru við ákvarðanatöku. Ekki er lagt til að slíta samstarfi við sjóðinn en fullýrt að tímabært sé að leita annarra leiða til að leysa fjárhagsvanda Íslands. Framsóknarmenn benda í þessu samhengi á hættuna á gjaldeyrisforði fyrir lánsfé geti reynst dýrkeyptur og segja ógjörning að verja gengi gjaldmiðils með lánsfé (Vísir, 24. mars 2010).

Endurskoðun samstarfsins við AGS er möguleiki sem mætti athuga nánar en samstarf við Parísarklúbbinn telst heldur ólíklegt. Aðrar lausnir á skuldavanda Íslendinga eru því afar fáar og heldur ólíklegar.

²⁹ e. The Paris Club

Lokaorð

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er og verður umdeild. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina gert fjölmörg mistök, bæði við gerð efnahagsáætlana fyrir aðildarþjóðir og við framkvæmd áætlana og þannig aflað sér óvinsælda víða um heim. Að teknu tilliti til þess að aðildarríki leyta eingöngu til sjóðsins í neyð segir það sig sjálft að vandamálin sem sjóðurinn stendur frammi fyrir þegar ný lánsúmsókn berst eru gríðarleg. Meta þarf efnahag heillar þjóðar á sem skemmstum tíma og útbúa efnahagsáætlun til framtíðar. Áhrifaþættirnir í slíkri áætlun er fjölmargir og þrátt fyrir að vera með mikinn fjölda menntaðra starfsmanna við gerða áætlana, getur afar margt farið úrskaiðis. Hagkerfi heimsins verða samtengdari með hverjum deginum og sumir ganga það langt að segja að heimurinn allur sé í raun orðinn eitt stórt hagkerfi. Niðursveifla í einu hagkerfi getur haft áhrif um allan heim. Því er nauðsynlegt að til sé stofnun sem hafi yfirsýn yfir efnahagsástandið í heiminum.

Hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn standi sig vel í því hlutverki sínu má deila um. Undanfarin ár virðist sjóðurinn þó vera að breyta regluverki sínu og aðferðafræði til hins betra. Í skýrslum sjóðsins kemur fram skýr vilji til að læra af mistökum sem gerð hafa verið og vilji til að gera betur í framtíðinni. Síðustu ár hefur sjóðurinn beitt sér fyrir aukinni gagnsæi á starfsemi sinni og sést árangurinn t.d. á samstarfi sjóðsins og Íslands þar sem efnahagsáætlanir og endurskoðanir eru birtar skömmu eftir samþykkt. Slík birting upplýsinga gefur fræðimönnum og almenningi kost á að meta stöðu þjóðar sinnar á sjálfstæðan hátt, sem verður að teljast afar jákvætt.

Staða Íslands er sú að lántökur eru óumflýjanlegar. Skuldir ríkisins hafa aukist gríðarlega síðustu tvö árin og ríkið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar án þessa að taka lán. Eftir efnahagshrunið 2008 er Ísland rúið trausti. Önnur ríki treysta Íslendingum ekki til að standa við skuldbindingar sínar og matsfyrirtækin gefa okkur falleinkunn. Þetta vantraust kom bersýnilega í ljós þegar svokallaðar vinapjóðir okkar settu samþykkt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á endurskoðunum á efnahagsáætlun Íslands sem skilyrði fyrir lánum. Eina ríkið sem veitti okkur lán skilyrðislaust voru Færeyingar. Samstarf Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Íslands er því forsenda frekari lánveitinga.

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis sem birt var þann 12. apríl 2010 er áfellingdómur yfir ríkisstjórn, Fjármálaeftirliti ríkisins, ráðuneytum og í raun íslensku stjórnkerfi. Spurningin sem eftir stendur er því hvoru treystum við betur til að hafa

yfirsjón með efnahag Íslands, erlendri stofnun með áratuga reynslu í efnahagslegri uppbyggingu skuldsettra þjóða sem þó hefur gert mörg mistök, eða íslenskum stjórnvöldum og eftirlitsstofnunum sem sátu aðgerðalaus hjá meðan bankarnir stækkuðu of mikið, féllu síðan og skuldsettu íslenskan almenning gríðarlega.

Heimildaskrá

- Brief Biography of Joseph E. Stiglitz* (e.d.). Sótt 1. mars 2010 frá
<http://www2.gsb.columbia.edu/faculty/jstiglitz/bio.cfm>
- Club de Paris. *Historical development* (e.d.) Sótt 3. maí 2010, frá
<http://www.clubdeparis.org/sections/composition/historique-50-ans>
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. *Fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lokið* (2009a). Sótt 15. mars 2010, frá
<http://www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2992>
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. *Viljayfirlýsing* (2009b). Sótt 13. apríl 2010, frá
http://www.efnahagsraduneyti.is/media/Acrobat/LOI_final_for_signing_TYDI NG_draft.pdf
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. *Vilji til að hrinda úr vegi hindrunum fyrir endurskoðun efnahagsáætlunarinnar* (2010a). Sótt 1. apríl 2010, frá
<http://www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3038>
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. *Önnur endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands samþykkt í stjórn AGS* (2010b). Sótt 25. apríl 2010, frá
<http://www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3046>
- Feldstein, M. (2002, mars-apríl) Argentina's Fall: Lessons from the Latest Financial Crisis. *Foreign Affairs*, bls 8-14.
- Fjármálaráðuneytið. *Bakgrunnsefni um lán Norðurlandanna til Íslands* (2009a). Sótt 26. mars 2010, frá
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/almennar-frettir/almennar-frettir/nr/12287>
- Fjármálaráðuneytið. *Sameiginleg fréttatilkynning frá fjármálaráðuneyti Póllands og fjármálaráðuneyti Íslands* (2009b). Sótt 10. maí 2010, frá
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/12560>
- Fjármálaráðuneytið. *Um skuldastöðu ríkissjóðs* (2010a). Sótt 16. mars 2010, frá
<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/12988>
- Fjármálaráðuneytið. *Fjarlagafrumvarp 2010* (2010b). Sótt 20. apríl 2010, frá
<http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/Fjarreiduyfirlit/Tofluyfirlit/2010/Fjarlagafrumvarp/Tafla-9.htm>

- Forsætisráðuneytið. *Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn – Ísland, Beiðni um viðbúnaðarlán* (2008a). Sótt 27. febrúar 2010, frá
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/AGS_191208_BM.pdf
- Forsætisráðuneytið. *Samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn* (2008b). Sótt 13. mars 2010, frá
<http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/3107>
- Forsætisráðuneytið. *Endurreisn fjármálakerfisins – sýn viðskiptaráðherra* (2009). Sótt 1. maí 2010, frá
<http://www.island.is/endurreisn/stjornvold/upplýsingamidlun/frettir/nr/829>
- Franken, B., Hung, S., Ahlers, M. (2002, 27. september). Hundreds arrested at IMF protests. *CNN*. Sótt 23. mars 2010, frá
<http://archives.cnn.com/2002/US/South/09/27/imf.protests/index.html>
- Huginn Þorsteinsson. *Ísland og Parísarklúbburinn* (2009). Sótt 27. apríl 2010, frá
<http://this.is/nei/?p=6104>
- Icelandic Government's Information & Services. *What are the IMF conditions in regard to Iceland?* (e.d.-a). Sótt 20. mars 2010, frá
<http://www.iceland.org/info/iceland-imf-program/imf-faq/nr/6391>
- Icelandic Government's Information & Services. *Are there any more detailed conditions in any non-published data?* (e.d.-b). Sótt 20. mars 2010, frá
<http://www.iceland.org/info/iceland-imf-program/imf-faq/nr/6392>
- International Monetary Fund. *Cooperation and reconstruction (1944-1971)* (e.d.-a). Sótt 23. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/histcoop.htm>
- International Monetary Fund. *The end of the Bretton Woods System (1972-81)* (e.d.-b). Sótt 24. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/histend.htm>
- International Monetary Fund. *Debt and painful reforms (1982-89)* (e.d.-c). Sótt 25. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/histdebt.htm>
- International Monetary Fund. *Societal Change for Eastern Europe and Asian Upheaval (1990-2004)* (e.d.-d). Sótt 25. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/histcomm.htm>

- International Monetary Fund. *Globalization and the Crisis (2005 - present)* (e.d.-e).
Sótt 27. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/histglob.htm>
- International Monetary Fund. *Country Information* (e.d.-f). Sótt 27. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/country/index.htm>
- International Monetary Fund. *Membership* (e.d.-g). Sótt 27. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/members.htm#number>
- International Monetary Fund. *What we do* (e.d.-h). Sótt 28. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/whatwedo.htm>
- International Monetary Fund. *Governance Structure* (e.d.-i). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/govstruct.htm>
- International Monetary Fund. *Management* (e.d.-j). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/mgmt.htm>
- International Monetary Fund. *Lending by the IMF* (e.d.-k). Sótt 13. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/lending.htm>
- International Monetary Fund. *Technical Assistance* (e.d.-l). Sótt 15. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/about/techasst.htm>
- International Monetary Fund. *The IMF and Argentina, 1991–2001* (2004). Sótt 12.
apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/ieo/2004/arg/eng/pdf/report.pdf>
- International Monetary Fund. *Iceland—2008 Article IV Consultation Concluding
Statement*. (2008). Sótt 27. febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/ms/2008/070408.htm>
- International Monetary Fund. *IMF Conditionality* (2009a) Sótt 1. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/conditio.pdf>
- International Monetary Fund. *Iceland: Staff Report for First Review* (2009b). Sótt 27.
febrúar 2010, frá
<http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2009/cr09306.pdf>
- International Monetary Fund. *Fiscal Implications of the Global Economic and
Financial Crisis* (2009c). Sótt 10. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/pubs/ft/spn/2009/spn0913.pdf>
- International Monetary Fund. *IMF Financial Activities* (2010a). Sótt 2. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/tre/activity/2010/032510.htm#tab1>

- International Monetary Fund. *Special Drawing Rights (SDRs)* (2010b). Sótt 2. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/sdr.pdf>
- International Monetary Fund. *IMF Quotas* (2010c). Sótt 7. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/quotas.pdf>
- International Monetary Fund. *IMF Members' Quotas and Voting Power, and IMF Board of Governors* (2010d). Sótt 1. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/sec/memdir/members.htm>
- International Monetary Fund. *Iceland: Transactions with the Fund* (2010e). Sótt 7. mars 2010, frá
http://www.imf.org/external/np/fin/tad/extrans1.aspx?memberKey1=420&endDate=2010-03-05&finposition_flag=YES
- International Monetary Fund. *A Guide to Committees, Groups, and Clubs* (2010f). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/groups.pdf>
- International Monetary Fund. *The IMF and the World Bank* (2010g). Sótt 3. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/imfwb.pdf>
- International Monetary Fund. *Debt Relief Under the Heavily Indebted Poor Countries (HIPC) Initiative* (2010h). Sótt 3. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/hipc.pdf>
- International Monetary Fund. *The Multilateral Debt Relief Initiative* (2010i). 3. Apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/mdri.pdf>
- International Monetary Fund. *IMF Financial Activities* (2010j). Sótt 3. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/tre/activity/2010/032510.htm#tab1>
- International Monetary Fund. *IMF Executive Directors and Voting Power* (2010k). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/sec/memdir/eds.htm>
- International Monetary Fund. *Where the IMF Gets its Money* (2010l). Sótt 20. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/finfac.pdf>

- International Monetary Fund. *IMF Lending* (2010m). Sótt 15. apríl 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/exr/facts/pdf/howlend.pdf>
- International Monetary Fund. *IMF Lending Arrangements* (2010n). Sótt 15. apríl
2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/fin/tad/extarr11.aspx?memberKey1=ZZZZ&date1key=2020-02-28>
- International Monetary Fund. *Iceland: Staff Report for Second Review Under Stand-By Arrangement and Request for Extension of the Arrangement, Rephasing of Access and Establishment of Performance Criteria* (2010o). Sótt 15. apríl
2010, frá
<http://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2010/cr1095.pdf>
- Lovasz, Agnes. (2010, 30. mars). Iceland Loan Needs Board Support, Strauss-Kahn Says (Update3), *Bloomberg*. Sótt 1. apríl 2010, frá
<http://www.bloomberg.com/apps/news?pid=20601087&sid=aIPO7DxHFZsU&pos=7>
- Morgunblaðið. *Segir AGS standa sig betur hér* (2009, 6. september). Sótt 13. apríl
2010, frá
http://www.mbl.is/mm/vidskipti/frettir/2009/09/06/segir_ags_standa_sig_betur_her/
- Morgunblaðið. *Icesave-póstar á Wikileaks* (2009, 6. desember). Sótt 17. apríl
2010, frá
http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/12/06/icesave_postar_a_wikileaks/
- Ólafur Ísleifsson (2001a). Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (fyrri grein). *Vísbinding, árgangur 19*, tölublað 47, bls 3-4.
- Ólafur Ísleifsson (2001b). Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (seinni grein). *Vísbinding, árgangur 19*, tölublað 48, bls 3.
- Seðlabanki Íslands. *Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins* (e.d.-a). Sótt 1. mars 2010,
frá
<http://sedlabanki.is/?PageID=318>
- Seðlabanki Íslands. *Stjórnskipulag sjóðsins* (e.d.-b). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://sedlabanki.is/?PageID=319>

- Seðlabanki Íslands. *Ísland og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn* (e.d.-c). Sótt 10. mars 2010, frá
<http://www.sedlabanki.is/?PageID=320>
- Seðlabanki Íslands. *Efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda* (e.d.-d). Sótt 11. mars 2010, frá
<http://www.sedlabanki.is/?PageID=990>
- Seðlabanki Íslands. *Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 2006* (2006). Sótt 13. apríl 2010, frá
<http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1208>
- Seðlabanki Íslands. *Framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkir lánaþyrirgreiðslu fyrir Ísland* (2008). Sótt 12. mars 2010, frá
<http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=1965>
- Seðlabanki Íslands. *Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands, mars 2010* (2010a). Sótt 1. apríl 2010, frá
<http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7718>
- Seðlabanki Íslands. *Letter of Intent* (2010b). Sótt 25. apríl 2010, frá
<http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7741>
- Stiglitz, Joseph. *What I Learned at the World Economic Crisis*. (2000). Sótt 15. mars 2010, frá
<http://www.adelinotorres.com/economia/STIGLITZ-What%20I%20learned%20at%20the%20World%20Economic%20Crisis.pdf>
- Strauss-Kahn, Dominique (2009, 12. nóvember). Letter from IMF Managing Director to Open Civil Meetings. Sótt 18. mars 2010, frá
<http://www.imf.org/external/np/vc/2009/111209.htm>
- Vísir. *Framsóknarmenn vilja endurskoða samstarfið við AGS* (2010, 24. mars). Sótt 1. maí 2010, frá
<http://www.visir.is/framsoknarmenn-vilja-endurskoda-samstarfid-vid-ags/article/2010143320890>